# FRÉTTABLAÐIÐ

27. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2019




Michigan-vatn frýs ekki oft en svona hefur það verið síðustu daga í nístingskuldanum. Að minnsta kosti níutíu milljónir Bandaríkjamanna þurftu að þola að minnsta kosti sautján stiga frost vegna heimskautalægðar sem gengur yfir. Átta hafa látið lífið í þessu grimmdarfrosti. Spár gera þó ráð fyrir því að það fari að hlýna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Bandaríkjunum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Spurður um gagnaleka lögreglu

Verjandi var kvaddur fyrir dóm eftir úrskurð Landsréttar um vitnaskyldu. Lagði fram trúnaðarupplýsingar frá lögreglu í máli skjólstæðings. Lögfræðilegt sprengjusvæði að krefja verjendur svara, segir lögmaður hans.

**DÓMSMÁL** Lögmaðurinn Steinbergur Finnbogason var kvaddur til skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær til að svara spurningum ríkissaksóknara um minnisblað sem hann lagði fyrir dóm í máli skjólstæðings í fyrra.

Skjólstæðingur Steinbergs er meintur höfuðpaur í Euromarketmálinu, einni umfangsmestu rannsókn lögreglu á skipulagðri brotastarfsemi hér á landi.

Var Steinbergur krafinn svara um hvernig minnisblaðið komst í hans hendur og hvort það hefði gerst fyrir tilstilli þeirra sem einir áttu að hafa aðgang að skjalinu hjá yfirstjórnum embætta sem að rannsókninni komu eða annarra hjá þeim embættum. Embættin eru Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, Héraðssaksóknari, Ríkislögreglustjóri og Tollstjóri.

„Ég má ekki svara því hvað kom fram í skýrslutökunni, þinghaldið var lokað, en ég get sagt að ég brást ekki trúnaðarskyldunni við skjólstæðing minn,“ segir Steinbergur.

„Aðalatriðið að mínu mati er ekki hvaðan þetta minnisblað kom heldur það sem í því stendur. Það er enginn vafi í mínum huga að minnisblaðið sýnir möguleg mannréttindabrot gegn skjólstæðingi mínum og möguleg hegningarlagabrot lögreglu og á því mun ég meðal annars byggja málsvörn skjólstæðings míns ef og þegar þar að kemur.“



Steinbergur Finnbogason.

Steinbergur var fyrst kvaddur til skýrslutöku hjá lögreglunni á Akranesi sem falin var rannsókn lekans í fyrravor. Hann neitaði að tjá sig.

Skömmu eftir áramót fékk Ríkissaksóknari úrskurð héraðsdóms um vitnaskylduna og Landsréttur staðfesti nýverið þann úrskurð.

Steinbergur fékk lögmanninn Arnar Þór Stefánsson til að vera sér til halds og trausts um vitnaskylduna. Í fyrstu fyrirtöku um hana lýsti Arnar málinu sem lögfræðilegu sprengjusvæði með vísan til trúnaðarsambands verjanda við skjólstæðing sinn og vísaði til dómafordæma um trúnaðarskyldu blaðamanna við heimildarmenn sína. **– aá**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um óttann. **18**

**SPORT** Verður Sverrir Ingi í toppbaráttu í Grikklandi?. **20**

**MENNING** Marta María Jónsdóttir sýnir fimmtán málverk í Hafnarborg. Vinnur með fínar litabreytingar og nálæga litatóna. **26**



**LÍFIÐ** Töframaðurinn Ingólfur Geirdal hefur sýnt töfrabrögð í 40 ár. Hann hefur sett saman sérstaka sýningu þar sem allt það besta fær að njóta sín í töfrabrögðunum. **34**

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Norðlæg átt, víða 3-8 m/s en 15-20 við SA-ströndina, hægir er líður á daginn. Snjókoma eða él um landið norðanvert, dregur úr úrkomu síðdegis. Frost 2 til 16 stig. SJÁ SÍÐU 24

## Verðlaun fyrir framlag og störf í atvinnulífinu



Félag kvenna í atvinnulífinu afhenti viðurkenningar í gær. Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, hlaut FKA viðurkenninguna. Sigríður Snævarr sendiherra fékk þakkarviðurkenningu og Helga Valfells, framkvæmdastjóri Crowberry Capital, hvatningarviðurkenningu. Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, veitti viðurkenningarnar ásamt Rakel Sveinsdóttur, formanni FKA. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Upplýsingar úr bönkum fyrir allra augum

**TÆKNI** Upplýsingar frá milljónum viðskiptavina Ríkisbanka Indlands (SBI) voru aðgengilegar öllum sem vildu. Techcrunch greindi frá málinu í gær.

SBI vistaði gögn úr þjónustu er nefnist SBI Quick, smáskilaboða- og símaþjónustu sem viðskiptavinir án snjallsíma geta nýtt til að spyrjast fyrir um stöðu reikninga sinna, á vefþjóni í Mumbai. Ekkert lykilorð var inn á vefþjóninn og gat því hver sem er komist í upplýsingarnar.

Ekki liggur fyrir hversu lengi upplýsingarnar lágu á glámbekk með þessum hætti. Netöryggisrannsakandi uppgötvaði gallann og lét Techcrunch vita. Gallinn var svo strax lagaður.

Upplýsingamagnið er gríðarlegt. Milljónir skilaboða flæddu inn á vefþjóninn hvern dag. Fylgjast mátti með skilaboðum í rauntíma. **– þea**



Verkamaður lést í Vaðlaheiðargöngum í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Vinnueftirlitið óskar upplýsinga

**LÖGREGLUMÁL** „Við erum að skoða þetta,“ segir Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri hjá Vinnueftirlitinu. Ekki var talin ástæða til að kalla Vinnueftirlitið til þegar karlmaður á sjötugsaldri fannst látinn í Vaðlaheiðargöngum í fyrradag.

Svava sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að eftirlitið væri að afla upplýsinga um atvikið.

Maðurinn starfaði sem málari og var að vinna í svokölluðu tæknirými í göngunum þegar hann varð bráðkvaddur. Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur gefið út að ekki sé talið að andlátið hafi borið að með saknæmum hætti og að ekki hafi verið talin þörf á að kalla Vinnueftirlitið til.

„Við erum að kalla eftir upplýsingum. Hvað mögulega gæti hafa gerst þarna því ef þetta er vinnutengt, mengun eða annað sem á sér stað, þá er okkar hlutverk að skoða það.“ **– smj**




# Elta sauðfé í þjóðgarði

**Matvælastofnun vill að Bláskógabyggð smali sauðfé sem sagt er ganga sjálfala á Þingvöllum. Sauðfjárveikivarnargirðingar eru vestan og norðan þjóðgarðsins.**

**HÚSDÝR** „Það er væntanlega einhvers staðar gat á girðingu,“ segir Gunnar Þórir Þorkelsson héraðsdýralæknir sem sendi á dögunum bréf til Bláskógabyggðar vegna kinda í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

„Matvælastofnun hafa borist ábendingar um, að innan þjóðgarðs á Þingvöllum gangi hópur sauðfjár sjálfala og aðgæslulaus,“ sagði í bréfi héraðsdýralæknisins sem vitnaði í lög um velferð dýra. Þau skuli að vetri til hafa skjól fyrir öllum veðrum og þörfum þeirra á að sinna einu sinni á dag.

„Auk ofangreinds er einnig brýnt að ná til þessa fjár þar sem Matvælastofnun hefur borist tilkynning um að fé sé að sleppa milli varnarhólfa Landnámshólfs og Grímsness- og Laugardalshólfs,“ skrifaði Gunnar Þórir. „Nauðsynlegt er að athuga hvort þetta fé sé í röngu varnarhólfi. Eins er mikilvægt að staðfest sé hver sé umráðamaður fjárins, svo unnt sé að kanna almennan aðbúnað fjár í hans umsjá verði þörf talin á.“

Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður segir nokkuð hafa verið um lausagöngu sauðfjár í þjóðgarðinum undanfarin ár. Ástæðan sé að hluta sú að viðhaldi þjóðgarðsgirðingar að austanverðu sé ábótavant. Úr því hafi loks verið bætt í fyrra og fé í þjóðgarðinum þá fækkað eitthvað.

„Hins vegar er girðingin fyrir ofan Almannagjá nokkuð lek. Einnig eru þar nokkur hlið sem ferðamenn skilja oft eftir opin. Þar fyrir utan er eitthvert fé sem mögulega hefur komist þar inn vegna framkvæmda á Haki á síðasta ári,“ útskýrir Einar. Laga eigi girðinguna við Almannagjá fyrir vorið. „Girðingin fyrir ofan Almannagjá er sauðfjárveikigirðing og því eiga þær kindur sem koma ofan af niður í sigdældina ekki afturkvæmt til síns heima samkvæmt laganna hljóðan.“

Einar segir nú áætlað að um tíu kindur séu í þjóðgarðinum vestanverðum og að einhverjar kindur séu líka austanmegin. „Það er mikill snjór núna og jarðbönn þó að þær geti nærst nokkuð á birkigróðri,“ segir þjóðgarðsvörður. Hægt sé að rekja spor þeirra í snjónum og stefnt sé að því að ná skepnunum á næstu dögum. „Féð verður handsamað næstu daga,“ staðfestir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar. **gar@frettabladid.is**



„Þær voru handsamaðar eftir skoðunarferð um þingstaðinn með viðkomu við bæinn,“ segir þjóðgarðsvörður um kindurnar á myndinni. MYND/EINAR Á.E.

> Girðingin fyrir ofan Almannagjá er sauðfjárveikigirðing og því eiga þær kindur sem koma ofan af niður í sigdældina ekki afturkvæmt til síns heima.



Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður


Íslandsbanki
440 4000
islandsbanki.is
Takk, takk
og aftur takk
Íslandsbanki mældist efstur í Íslensku ánægjuvoginni
hjá viðskiptavinum í bankaþjónustu, sjötta árið í röð.
Við munum halda áfram að bjóða trausta og góða
þjónustu – og gera viðskiptavinum fært að sinna öllum
sínum bankaviðskiptum, hvar og hvenær sem er.
Verið velkomin í hóp ánægðra viðskiptavina.
ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
2013-2018

# Nýja sjúkrahótelið hefur kostað 2,3 milljarða króna

**STJÓRNSÝSLA** Núverandi kostnaður vegna heildarframkvæmdarinnar við 75 herbergja sjúkrahótel við Hringbraut er 2.143 milljónir króna, óverðbætt og án innbúnaðar.

Samkvæmt upplýsingum frá Nýja Landspítalanum ohf. er um að ræða framúrkeyrslu upp á 7,8 prósent frá uppfærðum kostnaðaráætlunum. Það skýrist meðal annars af breytingum á klæðningu hússins og magnaukningu í raflögnum og loftræstingu. Kostnaður vegna innbúnaðar eftir útboð er um 150 milljónir króna. Alls gerir þetta tæplega 2,3 milljarða króna.

Sjúkrahótelið var afhent í gær. Á næstu árum rís á reit Nýs Landspítala við Hringbraut meðferðarkjarni, rannsóknarhús og bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús.

Í tilkynningunni til fjölmiðla í gær kom kostnaðurinn við sjúkrahótelið ekki fram. Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf., sagði í Fréttablaðinu í gær að sá kostnaður yrði ekki upplýstur fyrr en eftir afhendingu.

Fyrsta skóflustungan að sjúkrahótelinu var tekin 2015. Átti það að vera fullbyggt vorið 2017 en á því ári urðu deilur milli verktaka og verkkaupa um framvinduna. Í lok nóvember 2018 varð sátt um verkskil og deilumálinu vísað til gerðardóms.

Klæðning sjúkrahótelsins er sérstök og í raun listaverk, unnið af Finnboga Péturssyni myndlistarmanni. Verkið tafðist verulega vegna hennar.

„Verkkaupi ákvað í ljósi endurrýni og öryggismats á festingakerfi klæðningarinnar að láta endurhanna kerfið og fara fram með um leið dýrari lausn en gert var ráð fyrir í upphafi til að tryggja öll umhverfis- og öryggissjónarmið. Við það breyttist kostnaðarmat hússins," segir í svari Nýja Landspítalans ohf. til Fréttablaðsins. – **smj**



**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Umsóknarferli lána sjálfvirkt í Íslandsbanka

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki mun um helgina hleypa af stokkunum nýrri lausn á netinu sem heitir „Velkomin í hópinn". Viðskiptavinir munu geta skráð sig í viðskipti hjá bankanum í appi eða á vefnum og stofnað bankareikninga og sótt um kreditkort á örfáum mínútum.

„Það sem er nýtt í þessu er að umsóknarferli lána og kreditkorta er með öllu orðið sjálfvirkt," segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, í samtali við Fréttablaðið. Skapað hafi verið ferli sem auki skilvirkni og hagkvæmni í rekstri. Í lok mánaðarins verði boðið upp á hefðbundin útlán í appinu eða á vefnum sem séu undir tveimur milljónum króna.



**Birna Einarsdóttir bankastjóri Íslandsbanka.**

Á allra næstu vikum verði lausnin jafnframt á ensku og jafnvel fleiri tungumálum. Hún segir að það sé nýmæli að nú geti útlendingar með íslenska kennitölu stofnað rafrænt launareikning og fleira. Birna vekur athygli á að færri heimsæki útibúin en áður en fólk vilji áfram ráðgjöf og bendir á að 95 prósent greiðslumata bankans vegna húsnæðislána fari fram á netinu. – **hvj**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Löngu tímabært að styðja við rekstur einkarekinna fjölmiðla

## Frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla var kynnt í gær. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra segir málið löngu tímabært. Gert er ráð fyrir endurgreiðslum á allt að fjórðungi ritstjórnarkostnaðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.



**Lilja Alfreðsdóttir kynnti frumvarp um stuðning við rekstur einkarekinna fjölmiðla í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FJÖLMIÐLAR** „Ég er ánægð með að þetta frumvarp sé að líta dagsins ljós og að mínu mati er löngu tímabært að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fjölmiðla. Miðað við undirbúninginn og hvernig við erum búin að fara yfir stöðu fjölmiðla er ég bjartsýn á að frumvarpið fái góðar viðtökur," segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra sem kynnti í gær frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla.

Frumvarpið er nú komið í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem hægt verður að senda inn athugasemdir til 15. febrúar en stefnt er að því að það verði lagt fram á Alþingi í vor.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einkareknir fjölmiðlar geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum fengið endurgreiddan allt að fjórðung ritstjórnarkostnaðar. Hámarksstyrkur hvers aðila á ári verður 50 milljónir króna en heildarstuðningurinn er áætlaður á bilinu 300-400 milljónir á ári.

Meðal skilyrða sem sett eru er að fjölmiðill hafi það sem aðalmarkmið að miðla fréttum og fréttatengdu efni, hann hafi starfað í að minnsta kosti tólf mánuði, eignarhald hans liggi fyrir og að miðillinn sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Þá eru gerðar kröfur um hlutfall ritstjórnarefnis og ákveðna lágmarksútgáfu.

„Ég held að með þessum skilyrðum séum við að búa til ákveðinn ramma og festu er varðar rekstur fjölmiðla," segir Lilja.

Hugmyndir um stuðning við einkarekna fjölmiðla voru kynntar í haust en þá kom fram að einnig væri stefnt að því að draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði.

„Við erum að skoða þau mál áfram en mér fannst brýnt að koma með þetta frumvarp núna í janúar eins og lagt var upp með. Það er mikilvægt að geta klárað ákveðna þætti þegar maður er með svona heildstæða aðgerð," segir Lilja Alfreðsdóttir.

**sighvatur@frettabladid.is**

### Tillögur í heild gætu skilað 2,3 milljörðum á ári

Meðal fylgiskjala með frumvarpinu er hagræn skoðun á tillögum nefndar um rekstrarumhverfi fjölmiðla sem skilaði skýrslu í janúar 2018.

Þar kemur fram að samanlagður rekstrarhalli einkarekinna fjölmiðla á tímabilinu 2014-2017 hafi verið um 890 milljónir króna. Miðað við ákveðna útfærslu á framangreindum tillögum gætu þær bætt rekstrarafkomu einkarekinna fjölmiðla um 2,3 milljarða árlega.

Mest áhrif hefði brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði en miðað við að þrír fjórðu hlutar af hreinum auglýsingatekjum skili sér til innlendra einkarekinna fjölmiðla yrði um 1,6 milljarða að ræða.

Þá segir að bann við birtingu áfengisauglýsinga veiki samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart þeim erlendu. Þannig „sýnist rétt og skynsamlegt að leyfa áfengisauglýsingar í fjölmiðlum að einhverju marki".

Ef til vill væri eðlilegast að takmarka birtingu þeirra við prentmiðla með skynsamlegum takmörkunum. Bent er á að lítið sé vitað hvert umfang áfengisauglýsinga yrði og litlar haldbærar upplýsingar finnist frá nágrannalöndum. Miðað við tölur frá Bandaríkjunum sé þó ólíklegt að um yrði að ræða meira en 100 milljónir króna á ári.


# Útsölunni lýkur laugardaginn 2. febrúar kl. 16

25-50% afsláttur

Grillbúðin

Sjá nánar á www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið í dag 11-18 - Laugardag 11-16


# Kynnisferðir auglýsa rými í BSÍ til leigu

**VIÐSKIPTI** Kynnisferðir, rekstraraðili BSÍ, munu auglýsa veitinga- og verslunarrými hússins til leigu á næstu dögum. Í sumar á jafnframt að sinna viðhaldi á húsinu að utan. Húsið er í eigu Reykjavíkurborgar.

„Við höfum smám saman verið að breyta innviðum BSÍ og gera þetta að skemmtilegri upplifun fyrir okkar farþega og aðra gesti BSÍ," segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, í samtali við Fréttablaðið. „Veitingastaðnum Mýrinni mathúsi var lokað fyrir skemmstu. Við ákváðum að fara í gagngerar endurbætur á húsnæðinu og taka það alfarið í gegn."

Björn vonast eftir að fá fjölbreytta þjónustu í húsið sem henti viðskiptavinum Kynnisferða og gæði það lífi. Æskilegt væri ef hægt væri að afgreiða mat til gesta nokkuð hratt en það væri sömuleiðis skemmtilegt að fá inn mathöll með ólíkum rekstraraðilum.



**400 fermetrar í BSÍ eru til leigu.**



**Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða.**

„Það góða við BSÍ er að þar er tiltölulega þægileg aðkoma á bílum og yfirleitt frekar auðvelt að fá bílastæði," segir hann. Því geti Íslendingar hæglega sótt þjónustu í húsið.

Um er að ræða 400 fermetra sem skiptast í nokkur rými sem má leigja í einu lagi eða að hluta. Á aðra milljón gesta fara um húsið á hverju ári.

„Stór hluti erlendra ferðamanna sem koma til Íslands á leið um BSÍ á ferðalagi sínu. Fjölmargir Íslendingar leggja einnig leið sína í BSÍ með flugvallarrútunni auk þess sem ýmsir landsbyggðarvagnar Strætó aka frá BSÍ og margar af innanbæjarleiðunum stoppa einnig við BSÍ."

Að hans sögn er fasteignin yfir 50 ára gömul og kominn tími á viðhald sem verði sinnt í sumar. Um sé að ræða almennt viðhald, þak og glugga.

„Það hefur verið óvissa um framtíðaruppbygginguna reitsins," segir Björn og vísar til hugmynda um nýja samgöngumiðstöð.

„Húsinu hefur verið klappað létt á hverju ári en aldrei farið í alvöru endurbætur. Nú eru meiri líkur en minni á að BSÍ muni standa um ókomna tíð," segir Björn. – **hvj**

F&F

# ÚTSÖLU BOMBA

# 70% afsláttur

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

# Samtal verkalýðsfélaga við stjórnvöld komið í gang

**KJARAMÁL** „Það samtal sem við höfum verið að bíða eftir við stjórnvöld er komið í gang. Við höfum auðvitað verið að ræða þessa stóru þætti eins og launaliðinn en það klárast í rauninni ekki fyrr en við vitum hver aðkoma stjórnvalda verður,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Þriðji sáttafundur vikunnar milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar, Verkalýðsfélags Akraness, VR og Verkalýðsfélags Grindavíkur fer fram í dag. Forsetateymi ASÍ ræddi skattatillögur sínar við stjórnvöldum í gær.

Ragnar Þór segir jákvætt að aðkoma stjórnvalda sé að skýrast. „En ef hlutir fara ekki að skýrast innan tveggja vikna munum við íhuga næstu skref.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir að eftir helgi sé von á skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors og Indriða H. Þorlákssonar, fyrrverandi ríkisskattstjóra, um skattamál. Sólveig segir skýrsluna gott fóður í viðræður við stjórnvöld.

„Alexandria Ocasio-Cortez, félagi minn í Bandaríkjunum, hefur sagt að það sé alltaf verið að stilla hlutunum þannig upp að almenningur skilji ekki flókna hluti. Okkar afstaða er að það sé hluti af einhverju kúgunartæki. Við skiljum alveg flókna hluti ef þeir eru settir fram á mannamáli.“

Sólveig segir verkalýðsfélögin ekki hafa slegið neitt af kröfum sínum gagnvart SA. „Við erum bara enn þá í viðræðum við SA en við viljum líka að viðræður við stjórnvöld fari af stað á fullum krafti.“ **– sar**



**Fólk hefur fundað stíft hjá ríkissáttasemjara að undanförnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Sarfsmaður Landsbankans millifærði af innistæðulausu korti.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Millifærði fyrir mistök í banka

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákært íslenskan karlmann á fimmtugsaldri og íslenska konu á fertugsaldri, bæði búsett í Svíþjóð, fyrir að kasta eign sinni á fjármuni sem millifærðir voru af starfsmanni Landsbankans fyrir mistök.

Ákærur á hendur fólkinu birtust í Lögbirtingablaðinu í gær þar sem skorað er á þau að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru og halda uppi vörnum í Héraðsdómi Reykjaness 8. mars næstkomandi.

**» Karl og kona eru ákærð fyrir að eigna sér fé sem millifært var á reikning mannsins fyrir vangá.**

Eru þau ákærð fyrir ólögmæta meðferð á fundnu fé með því að hafa í ágúst 2014 eignað sér ríflega 303.000 krónur. Konan virðist hafa beðið starfsmann Landsbankans um að millifæra upphæðina af Visa-greiðslukorti sínu inn á reikning mannsins, sem starfsmaðurinn hafi fyrir mistök gert. Visa-kort konunnar var hins vegar án innistæðu.

Fram kemur að þessi háttsemi varði við 246. gr. almennra hegningarlaga. Er farið fram á að fólkið verði dæmt til refsingar og til að endurgreiða Landsbankanum 303.821 krónu auk vaxta. **– smj**

# Hollenskt útboð tollkvóta til hagsbóta fyrir neytendur

**Starfshópur um úthlutun tollkvóta telur hollenska leið vænlegasta til að koma ávinningi kvótanna í vasa neytenda. Fyrirséð er að tekjur ríkisins af kvótunum muni dragast saman. Formaður hópsins segir að kvótarnir eigi ekki að vera tekjuöflun fyrir ríkið. Tillögurnar fara nú í frekari vinnslu inni í ráðuneyti.**

**NEYTENDUR** Meirihluti starfshóps um úthlutun tollkvóta leggur til að tollkvótum í landbúnaði verði úthlutað með útboði. Stuðst verði við svokallað „hollenskt útboð“. Aðferðin myndi að öllum líkindum hafa í för með sér að útboðsverð verði lægra en verið hefur og ætti það að skila sér í lægra verði til neytenda.

Árið 2015 undirrituðu Ísland og Evrópusambandið þrjá samninga um viðbótarfríðindi með landbúnaðarvörur. Samningarnir tóku gildi í maí í fyrra en þeir verða innleiddir í þrepum til ársins 2021.

Hlutverk starfshópsins, sem skipaður var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var að finna leiðir til að koma ávinningnum af þeim takmörkuðu gæðum, sem aukning tollkvótanna er, í vasa neytenda. Í skýrslunni segir að almenningur myndi njóta mests efnahagslegs ávinnings ef tollkvótunum yrði úthlutað beint til landsmanna í formi hlutdeildarskírteinis. Það er hver og einn einstaklingur, yfir tilteknum aldri, fengi slíkan kvóta í sinn hlut sem hann gæti síðan framselt á markaði. Það fyrirkomulag væri þó háð ýmsum göllum enda ekki víst að allir myndu nýta sinn kvóta.

„Hlutdeildarskírteini væru auðvitað skilvirkasta leiðin til að koma ágóðanum af auknum tollkvótum beint til neytenda. Helstu gallarnir eru að það kemur ekki mikið í hlut hvers og eins og því skortir hvata til að innleysa hann. En við töldum rétt að minnast á þessa hugmynd,“ segir Óli Björn Kárason, formaður hópsins.

Sökum þessa lagði meirihluti hópsins, fjórir fulltrúar af fimm, til að hollenska leiðin væri farin. Útboðið á kvótunum færi rafrænt fram á sérstakri síðu og hefðu áhugasamir tvær vikur til að skrá sig. Verði heildartilboð jöfn eða lægri en magn í boði fá allir þátttakendur það sem eftir var sóst. Lægsta tilboð ræður verði allra.




**Hollenska leiðin. Í boði eru átta kílógrömm og eru fjórir aðilar sem bítast um þau. A og D sækjast eftir 5 kg, B eftir 3 kg og C eftir einu. Áttunda hæsta tilboðið hljóðar upp á 20 kr. og ræður það verðinu til allra. D fær ekkert.** MYND/SKÝRSLAN



**Óli Björn Kárason, formaður starfshópsins.**

„Það er alveg ljóst að þessar tillögur fela í sér töluvert tekjutap fyrir ríkissjóð enda má ekki líta á tollkvóta ESB sem sérstakan tekjustofn fyrir ríkið. Tilgangur þeirra er að tryggja að landbúnaðarafurðir komist hingað til lands með sem minnstum kostnaði fyrir neytendur. Hollenska leiðin tryggir það,“ segir Óli Björn.

Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi Neytendasamtakanna, skilaði séráliti og taldi heppilegast að varpa hlutkesti um helming kvótanna en úthluta helmingi á grundvelli reynslu.

„Næsta skref er að vinna áfram með þessar niðurstöður hér í ráðuneytinu og vonandi kynna mögulegar breytingar á núgildandi regluverki síðar á þessu ári,“ segir Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. **joli@frettabladid.is**

Veldu Panodil sem hentar þér!

Verkjastillandi og hitalækkandi




Panodil filmuhúðaðar töflur, Panodil Zapp filmuhúðaðar töflur, Panodil Junior mixtúra, dreifa, Panodil Hot mixtúruduft, lausn til inntöku, Panodil Brus freyðitöflur. Inniheldur paracetamól. Við vægum verkjum. Hitalækkandi. Til inntöku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil

RENAULT
Passion for life

**Nýr** Renault Kadjar

# FRUMSÝNING

í dag og um helgina.




## RENAULT KADJAR

**Sjálfskiptur, bensín, Turbo, 160 hestöfl.**
**Verð frá: 4.690.000 kr.**

Ný innrétting, ný sparneytin bensínvél, nýtt útlit með LED stöðu- og þokuljósum, 17" álfelgur, 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, 6 hátalarar, handfrjáls símabúnaður, lykillaust aðgengi, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjálfvirk lækkun á háum geisla aðalljósa, fjarlægðarvarar aftan, tveggja svæða tölvustýrð loftkæling.

ENNEMM / SÍA / NM80654

**OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 12–16**

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Andar köldu á milli Apple og Facebook

**Það er stirt á milli þeirra Tims Cook og Marks Zuckerberg. Þeir hafa deilt lengi um söfnun persónulegra upplýsinga. Facebook er nú í klandri fyrir að brjóta gegn skilmálum samkomulags við Apple með meintu njósnaappi.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Tim Cook, forstjóri Apple, býður Mark Zuckerberg, forstjóra Facebook, líklega ekki í mat eða drykk á næstunni en togstreitan á milli tæknirisanna tveggja jókst til muna í vikunni. Techcrunch greindi frá því á miðvikudaginn að Facebook hefði greitt fólki á milli 13 og 35 ára allt að 20 dali á viku fyrir að hlaða niður leynilegu appi sem ber nafnið Facebook Research.

Neytendur urðu varir við Research í auglýsingum frá betaprófunarfyrirtækjum. Eftir skráningu var hægt að ná í appið. Research var sýndareinkanettengingarforrit (VPN) sem krafðist algjörs aðgangs að símanum (e. root access) og nýtti þetta frelsi til þess að fylgjast með öllu því sem notandinn gerði með tækið. Notkunarupplýsingar voru síðan sendar heim til Facebook.

Eftir að Techcrunch birti frétt sína um málið sagði upplýsingafulltrúi frá Facebook að iOS-hluta verkefnisins hefði verið hætt. Aukinheldur væri vísvitandi verið að ganga fram hjá grundvallaratriðum málsins í fréttinni. „Það voru engin leyndarmál hérna. Appið hét beinlínis „Facebook Research App“. Við vorum ekki að „njósna“ enda fengum við samþykki allra sem vildu vera með. Að lokum viljum við taka fram að undir fimm prósent notenda voru á táningsaldri og fengu öll skriflegt leyfi foreldra.“



Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook. NORDICPHOTOS/AFP




Sífellt fleiri nota Facebook þrátt fyrir skandalana. NORDICPHOTOS/GETTY

Techcrunch sagði svo í gær að ásakanir Facebook væru rangar. „Fyrirtækið hafði aldrei vakið máls á Research á opinberum vettvangi og hafði nýtt sér þriðja aðila, sem minntist aldrei á Facebook, til þess að koma appinu út til notenda. Nafn Facebook kom ekki fyrir augu notenda fyrr en þeir hófu að skrá aðgang sinn. Þótt lítill hluti hafi verið á barnsaldri finnst okkur fréttnæmt að Facebook hafi ekki ákveðið að útiloka börn frá gagnasöfnunarverkefni sínu.“



Tim Cook, forstjóri Apple. NORDICPHOTOS/AFP

Apple tilkynnti svo að fyrirtækið hefði reyndar bannað Facebook Research áður en Facebook tilkynnti að fyrirtækið hefði sjálfviljugt tekið það úr umferð. „Þetta gerðum við til þess að vernda notendur þjónustu okkar og persónuleg gögn þeirra.“

### Lengri njósnasaga

En Facebook hafði áður leikið sama leik. Fyrirtækið festi kaup á Onavo fyrir um 120 milljónir dala árið 2014. Auk þess að fela í sér sýndareinkanettengingu sendi appið Onavo Protect sams konar upplýsingar um notendur til Facebook. Þannig gat Facebook til dæmis komist að því hversu mörg skilaboð færu í gegnum hið tiltölulega nýja WhatsApp og spáð fyrir um vöxt miðilsins. Facebook festi kaup á WhatsApp síðar sama ár fyrir heila 19 milljarða dala.

Apple tilkynnti í júní um að nú mættu apphönnuðir ekki lengur safna gögnum um notkun annarra appa né gögnum sem eru óþörf fyrir virkni forritsins sjálfs. Þar af leiðandi þurfti Facebook að taka Onavo Protect af App Store. En Facebook vildi ekki hætta. Þess í stað var fyrrnefnt Research-verkefni sett af stað.

### Hneyksli og enn fleiri hneyksli

Matarboð með Zuckerberg hefur að öllum líkindum verið fjarstæðukennd hugmynd í augum Cooks mun lengur. Forstjórinn hefur áður kvatt sér hljóðs vegna meðferðar Facebook á persónulegum gögnum.

Síðasta ár var nefnilega hrikalegt fyrir ímynd Facebook. Svona svo vægt sé til orða tekið. Cambridge Analytica-málið, er snerist um eiginlega vopnavæðingu gagna Facebook-notenda í pólitískum tilgangi, kemur fyrst upp í hugann. Ekki má þó gleyma allnokkrum öryggisgöllum sem stefndu persónulegum gögnum milljóna notenda í hættu né því að Facebook deildi gögnum, meira að segja einkaskilaboðum, með Spotify, Netflix, Microsoft og fleiri aðilum. Jú, og því að Facebook réð andstæðingarannsóknafirma sem skrifaði svo falsfréttir um fjárfestinn George Soros eftir að sá gagnrýndi miðilinn harðlega.



Ætli þessi sé að nota FaceTime? NORDICPHOTOS/GETTY

### Stjórarnir munnhöggvast

Cook misbauð þessi meðferð á persónulegum gögnum. Í upphafi árs kallaði hann eftir því að hið opinbera setti hertar reglur um slíkt. „Ég tel að besta reglusetningin sé engin reglusetning, að fyrirtækin setji sér eigin reglur. En ég held að við séum of langt leidd til þess að það sé möguleiki,“ sagði Cook við MSNBC.

Hann vakti athygli á því að grundvallarmunurinn á Apple og Facebook, já og Google, væri sá að neytendur, ekki auglýsendur, væru viðskiptavinir Apple. Þótt Apple hafi vissulega reynt fyrir sér á auglýsingasviðinu er það hvergi nærri sambærilegt við það sem tíðkast hjá Google og Facebook.

„Í sannleika sagt gætum við grætt ógrynni peninga ef við færum að hafa tekjur af upplýsingum viðskiptavina okkar. Ef viðskiptavinurinn væri varan. En við höfum ákveðið að gera það ekki,“ sagði Cook og var í kjölfarið spurður um hvað hann myndi gera í sporum Zuckerbergs. Svarið var einfalt: „Ég væri aldrei í hans sporum.“

Og Zuckerberg svaraði fyrir sig. „Mér finnst þessi málflutningur, um að okkur sé sama um notendur af því að þeir borga okkur ekki, afar vafasamur. Og beinlínis úr öllu samhengi við sannleikann.

Hið sanna er að til þess að byggja upp þjónustu sem tengir allan heiminn þarftu að taka mið af því að stór hluti fólks hefur einfaldlega ekki efni á því að borga. Þess vegna ákváðum við, eins og margir miðlar hafa gert, að byggja starfsemina á auglýsingatekjum,“ útskýrði Facebook-foringinn.

Hann vitnaði einnig til annars milljarðamærings úr tæknigeiranum, Amazon-mannsins Jeffs Bezos. „Hann sagði að til væru fyrirtæki sem ynnu hörðum höndum að því að rukka þig meira og svo fyrirtæki sem ynnu hörðum höndum að því að rukka þig minna. Við hjá Facebook föllum undir seinni flokkinn og viljum bjóða upp á gjaldfrjálsa þjónustu fyrir alla.“

Cook hélt áfram og ítrekaði ákall sitt eftir reglusetningu í október. „Það er verið að nýta persónuleg gögn, vopnavæða þau gegn okkur. Við ættum ekkert að reyna að fegra sannleikann. Þetta eru beinlínis njósnir,“ sagði Cook og bætti því við að gagnaiðnaðurinn velti milljörðum á því einu að fylgjast með áhugamálum, vonum og væntingum, martröðum og draumum fólks.

### Hrifsa leyfið af Facebook

Nýjasta vendingin í þessu kalda stríði tæknirisanna er sú að Apple hefur ákveðið að rifta samkomulaginu við Facebook sem leyfði fyrirtækinu að dreifa Research-appinu. Facebook hafði vissulega sjálft ákveðið að taka appið úr umferð á iOS, það er reyndar enn í gangi fyrir Android, en það virðist engu breyta í augum Apple.

Samkvæmt heimildum Techcrunch varð ákvörðun Apple til þess að öpp Facebook sem eingöngu eru hugsuð fyrir starfsmenn fyrirtækisins virka ekki lengur. Þar með taldar eru prufuútgáfur fyrir næstu uppfærslur bæði Facebook og Instagram. Þetta hefur valdið glundroða á skrifstofum Facebook enda reiðir hið stóra tæknifyrirtæki sig á tækni til þess að skipuleggja fundi, úthluta verkefnum og svo framvegis.

Og þótt Apple vinni nú með Facebook-liðum að því að koma umræddum forritum aftur í lag er ljóst að sambandið á milli fyrirtækjanna er afar stirt. Apple gæti ákveðið að gera Facebook erfiðara fyrir að nálgast eigendur iPhone-síma, til dæmis með því að takmarka sýnileika appa fyrirtækisins í App Store.

Þá eru bandarískir öldungadeildarþingmenn lítt hrifnir af Research-verkefninu. Öldungadeildarþingmaðurinn Richard Blumenthal sagði að „njósnir um unglinga“ teldust ekki til rannsókna. Mark Warner, kollegi hans, kallaði eftir því að Zuckerberg lýsti yfir stuðningi við setningu nýrra reglna.




Google var einnig með „njósnaapp“. NORDICPHOTOS/GETTY

## Google með sams konar verkefni

Techcrunch greindi frá því í gær að Google starfrækti líka „njósnaforrit“ áþekkt Facebook Research. Google leyfði átján ára og eldri, eða allt niður að þrettán ára ef um fjölskylduaðgang var að ræða, að skrá sig og studdist við sams konar samkomulag við Apple og Facebook gerði. Því má ætla að Google hafi sömuleiðis brotið gegn skilmálum samkomulagsins. Google sagði í tilkynningu að það hefðu verið mistök að starfrækja appið, Screenwise Meter iOS, undir merkjum hönnuðaverkefnis Apple. „Við höfum tekið appið úr umferð fyrir iOS-tæki. Notkun þess var algjörlega valfrjáls og hefur alltaf verið. Við höfum upplýst notendur um það hvernig við notum gögnin sem safnað er og höfðum engan aðgang að dulkóðuðum upplýsingum í tækjum þeirra.“

## Breytir litlu fyrir Facebook

Þrátt fyrir að 2018 hafi verið „annus horribilis“ fyrir Facebook með tilliti til fjölmiðlaumfjöllunar er veskið ekki að tæmast á þeim bænum. Fyrirtækið birti í vikunni skýrslu um síðasta ársfjórðung. Þar kom fram að bæði velta og notendavöxtur hefði farið fram úr væntingum.
Alls notuðu 1,52 milljarðar Facebook á hverjum degi í desember. Níu prósenta aukning miðað við sama tíma í fyrra. Mánaðarlegum notendum fjölgaði sömuleiðis. Þá var velta 16,91 milljarður dala á síðasta ársfjórðungi, töluvert meira en vænst var.

## Apple með sitt eigið hneyksli

Sjálft stríðir Apple nú við hneykslismál er tengist gagnaöryggi. Málið er þó vissulega annars eðlis og snýst ekki um gagnasöfnun í hagnaðarskyni. Alvarlegur öryggisgalli í myndsímtalaforritinu FaceTime kom í ljós vikunni. Þeir sem hringdu gátu þannig hlustað á manneskjuna sem í var hringt jafnvel þótt viðkomandi svaraði ekki símanum. Þetta var hægt að gera með því að einfaldlega bæta þriðja aðila við í símtalið.
Dómsmálaráðherra New York-ríkis tilkynnti í gær um að rannsókn væri hafin á málinu. „Við höfum hafið rannsókn á því að Apple varaði notendur sína ekki við gallanum og seinlegum viðbrögðum fyrirtækisins við að laga gallann,“ sagði í tilkynningu.

Golfarar !
Erum að taka niður pantanir á rafhjólunum sem koma í byrjun Maí.
Velkomnir að sjá og prufa.



LUDVIKSSON EHF - LEDLJÓS
FLATAHRAUN 31 * 220 * HAFNARFIRÐI
S: 5658911 * www.ledljos.com




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 04. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU




**FLUENTE** sófi. Opinn endi + 2ja sæta. Riviera 53, ljósgrátt áklæði. L221 x D 200 cm. 179.900 kr. Nú 129.900 kr.













# 25% KYNNINGARTILBOÐ




**RENE** hornsófi, 3+2 sæti með eikarfótum. Ljósgrátt eða dökkblátt áklæði.
249.900 kr. Nú 179.900 kr.




**RENE** sófi. Legubekkur + 2ja sæta. Eikarfætur. Ljósgrátt áklæði.
179.900 kr. Nú 134.900 kr.




**RENE** sófi. 3ja sæta. Blátt eða ljósgrátt áklæði.
139.900 kr. Nú 99.900 kr.




**RENE** sófi. 2ja sæta. Blátt eða ljósgrátt áklæði.
99.900 kr. Nú 74.900 kr.




**RENE** sófi. 2ja sæta + legubekkur. Eikarfætur. Blátt áklæði.
179.900 kr. Nú 134.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# YFIR 2.000 VÖRULIÐIR Á LÆKKUÐU VERÐI

ILVA

30%



**ANDORRA** legubekkur + 2ja sæta. Ljósgrátt áklæði. L231 x D140 cm. 114.900 kr. Nú 79.900 kr.

TOLUCA
NÚ 44.925
SPARAÐU
14.975



**TOLUCA** svefnsófi. L157 cm. Svefnflötur 140x197 cm. 59.900 kr. Nú 44.925 kr.

25%



**ANDORRA** hornsófi með legubekk. Svart textilleður. L308xD203 cm.
249.900 kr. Nú 187.425 kr.

50%



**MONACO** hægindastóll. Ljós- eða dökkgrátt áklæði. 89.900 kr. Nú 44.950 kr.
Skemill. 19.900 kr. Nú 9.950 kr.

50%



**GASSY** spegill á ljósgráum fæti. 15x21 cm.
2.495 kr. Nú 1.248 kr.

25%



**SARA** LED kerti.
Ø10x12,5 cm. 3.495 kr. Nú 2.621 kr.
Ø10x20 cm. 3.995 kr. Nú 2.996 kr.
Ø10x30 cm. 4.995 kr. Nú 3.746 kr.

70%



**GOLD** hnífapör.
4 pör í kassa. 16 hlutir. 5.920 kr. Nú 1.776 kr.

70%



**CHARME** glas.
Rauðvínsglas. 57 cl. 495 kr. Nú 145 kr.
Hvítvínsglas. 43 cl. 495 kr. Nú 145 kr.
Kampavínsglas. 18 cl. 395 kr. Nú 119 kr.

# LAGERSALA

## FÖSTUDAG - SUNNUDAGS

## 50-70% AFSLÁTTUR

AF VÖLDUM SÝNINGAREINTÖKUM, ÚTLITSGÖLLUÐUM HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU

VISA MasterCard

**12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING MEÐ** netgíró

# Frakkar í hart gegn óeirðaseggjum

**FRAKKLAND** Stjórnarþingmenn í Frakklandi hafa lagt fram frumvarp sem myndi meina mótmælendum að hylja andlit sitt og færa lögreglu aukið frelsi til þess að fjarlægja þá af vettvangi. Reuters greindi frá málinu í gær og sagði frumvarpið lið í aðgerðum Emmanuel Macron forseta gegn ofbeldismönnum sem hafa tekið þátt í mótmælum hinna svokölluðu Gulu vesta og stórskemmt eignir. Alls hafa tíu látist í mótmælaöldunni og nærri 3.000 slasast. Með því að banna mótmælendum að hylja andlit sín er vonast til þess að hægt sé að nota tæknina til að bera kennsl á þá sem grunaðir eru um lögbrot.

Cristophe Castaner innanríkisráðherra hvatti þingheim í gær til að „stöðva þessa óeirðaseggi sem ómögulegt er að rökræða við“. Frumvarpið á þó sína andstæðinga á þingi sem telja það ganga of langt og þannig skerða frelsi Frakka.

Aurore Berger, upplýsingafulltrúi LREM, flokks Macron, sagðist ósammála því. Flokkurinn væri ekki að skerða frelsi heldur tryggja það. „Við erum ekki að tala um hvaða Frakka sem er heldur þá sem hafa skaðað aðra, þá sem vilja drepa og skemma.“

Flokkur forsetans er með meirihluta á þingi og því er talið nærri öruggt að frumvarpið verði að lögum. Búist er við því að það gerist eftir helgina. **– þea**



**Mótmælandi, ef til vill óeirðaseggur að mati yfirvalda.** NORDICPHOTOS/AFP



**Graham Brady, þingmaður breska Íhaldsflokksins.** NORDICPHOTOS/AFP

## Myndi sætta sig við frestun

**BRETLAND** Graham Brady, formaður hinnar áhrifamiklu 1922-nefndar breska Íhaldsflokksins, sagðist í gær vel geta sætt sig við að útgöngudegi yrði frestað ef þörf væri á stuttum tíma til viðbótar til þess að koma útgöngusamningi í gegnum þingið. Brady stóð í vikunni fyrir breytingartillögu við áætlun um framhald Brexit-málsins sem breska þingið samþykkti. Í breytingunni felst að þingið krefst þess að umdeild varúðarráðstöfun um fyrirkomulagið á landamærunum við Írland verði fjarlægð úr samningi Theresu May forsætisráðherra við ESB. Þingið hafnaði samningnum í upprunalegri mynd fyrr í mánuðinum á afgerandi hátt og var ráðstöfunin eitt helsta vandamálið í augum þingheims.

Ríkisstjórnin hefur ítrekað hafnað því að fresta útgöngudegi. Hefur May til að mynda sagt að þingið verði að framfylgja kröfunni sem þjóðin setti fram í atkvæðagreiðslunni 2016. Stutt er hins vegar í útgöngudag, sem er 29. mars, og óvíst hvort samkomulag náist fyrir þann tíma. **– þea**

# Óþægileg heimsókn sérsveitar

Starfandi forseti Venesúela sagði sérsveitarmenn hafa ráðist inn á heimili sitt. Bandaríkin vara stjórn Maduro við því að áreita starfandi forsetann. Rannsakandi hjá SÞ kveðst ekki hrifinn af nýjum þvingunum.

**VENESÚELA** Sérsveitarmenn réðust inn á heimili venesúelska stjórnarandstöðuleiðtogans og starfandi forsetans Juan Guaidó í gær. Kona hans og tæplega tveggja ára gömul dóttir voru heima en Guaidó var sjálfur á fjöldafundi. Frá þessu greindi Guaidó sjálfur í gær.

Þingið útnefndi Guaidó starfandi forseta fyrr í mánuðinum eftir að kjörtímabil Nicolás Maduro rann út enda álítur það forsetakosningar síðasta árs ólöglegar.

Maduro er ósammála og álítur þingið valdalaust í þokkabót eftir að hann stofnaði sérstakt stjórnlagaþing, einvörðungu skipað sósíalistum, og lét setja sjálfan sig aftur inn í embætti.

Bandaríkin, Lima-hópurinn, Samtök Ameríkuríkja og dágóður fjöldi sjálfstæðra ríkja hafa lýst yfir stuðningi við Guaidó og viðurkennt hann sem starfandi forseta. Evrópuþingið bættist í þann hóp. 439 þingmenn greiddu atkvæði með tillögu þess efnis en 104 gegn. Aukinheldur er kallað eftir nýjum kosningum í landinu.

Guaidó þótti heimsóknin í gær óhugguleg. „Ég mun sjá til þess að þið verðið dregin til ábyrgðar fyrir að ógna heilsu barns míns,“ sagði hann á fjöldafundi í höfuðborginni Caracas. Bandaríkin hafa sömuleiðis lýst því yfir að afleiðingarnar verði alvarlegar ef Maduro-stjórnin beitir sér gegn Guaidó af hörku.

Bandaríkin hafa raunar gert gott betur. Á mánudaginn tilkynnti Donald Trump forseti um nýjar viðskiptaþvinganir gegn ríkisolíufélaginu PDVSA. Þær þvinganir féllu ekki í kramið hjá Idriss Jazairy, rannsakanda hjá Sameinuðu þjóðunum, sem sérhæfir sig í mögulegum neikvæðum afleiðingum þvingana.

Jazairy sagði að þvinganirnar gætu gert efnahagshörmungar Venesúela enn verri, en nú þegar berjast íbúar í bökkum við að verða sér úti um nauðsynjar. „Þvingunum, hvort sem þær koma frá hernum eða eru á sviði viðskipta, á aldrei að beita til þess að koma ríkisstjórn fullvalda ríkis frá völdum. Slík beiting þvingana gengur í berhögg við alþjóðalög,“ sagði Jazairy.

Um þremur vikum eftir að Guaidó tók við sem starfandi forseti er hann enn svo gott sem valdalaus. Stjórnarandstaðan sagðist í upphafi ætla að leita til venesúelska hersins í von um stuðning en langflestir hermenn, og öll yfirstjórn hersins, eru enn hliðhollir Maduro.

Guaidó sagði þó frá því í gær að hann hefði átt leynilega fundi með hermönnum og -foringjum í von um að afla stuðnings þeirra. „Lykillinn að því að ná stjórninni frá völdum er að herinn hætti að styðja hana. Meirihluti hermanna er sammála um að það sé ekki hægt að halda áfram á þessari braut. Stjórnarandstaðan heitir því að enginn þeirra hermanna sem snúa baki við Maduro verði ákærður fyrir glæpi gegn mannkyninu.“

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Juan Guaidó, starfandi forseti Venesúela, ræðir um heimsóknina við fjölmiðla með dóttur sína í fanginu og eiginkonuna sér við hlið.** NORDICPHOTOS/AFP

### Frelsuðu franska blaðamenn

Franski miðillinn Quotidien greindi frá því í gær að lögreglan í Venesúela hefði sleppt tveimur blaðamönnum miðilsins úr haldi. Þeir höfðu verið að fjalla um mótmælin þar í landi þegar þeir voru handteknir.

Frakkarnir eru ekki einu blaðamennirnir sem hafa verið handteknir í landinu að undanförnu. Samkvæmt Reuters eru kólumbískur fréttaljósmyndari, franskur fréttamaður og kólumbískur fréttaframleiðslustjóri í haldi lögreglu. Þá voru tveir síleskir blaðamenn handteknir og fluttir úr landi fyrr í vikunni.



+PLÚS



NORDICPHOTOS/GETTY

# Bandaríkin berjast í gegn um frostið



Ískalt hefur verið í Bandaríkjunum undanfarna daga. Allt að fjörutíu stiga frost í norðausturhluta landsins. Að minnsta kosti átta hafa látið lífið í frosthörkunum. Spár gera þó ráð fyrir því að það fari að hlýna í dag og hiti verði kominn upp í tíu stig í Chicago í lok helgarinnar.













# EKKI BARA GÆÐI

## VINNUBUXUR
### HERRA- OG DÖMUSNIÐ



Hefðbundið snið sem er vel þekkt í gallabuxnageiranum. Buxurnar eru úr Cordura® gallaefni með teygjueiginleika og hannaðar með það í huga að sitja þægilega á mjöðmunum. Til þess að hámarka hreyfanleika og þægindi eru teygjubætur í klofinu og á kálfunum.

**19.900 m/vsk**
Fullt verð 25.900

## HÁSKÓLA-PEYSA



**3.900 m/vsk**
Fullt verð 4.900

## KULDA-GALLI



**19.900 m/vsk**
Fullt verð 24.900

## VINNUBUXUR



**19.900 m/vsk**
Fullt verð 25.900

## PILOT-JAKKI



**12.900 m/vsk**
Fullt verð 18.767

## VETTLINGAR FÓÐRAÐIR



**2.790 m/vsk**
Fullt verð 3.942

## KULDAÚLPA



**22.900 m/vsk**
Fullt verð 29.900

## PRJÓNAPEYSA
### HERRA- OG DÖMUSNIÐ



**9.900 m/vsk**
Fullt verð 14.595

## PRJÓNAHÚFA
### MEÐ ENDURSKINI



**2.490 m/vsk**
Fullt verð 3.569

## ÖRYGGISSKÓR

Boa reimar
Nubuck Leður
Plasttá
Kelvar í sóla
Góð öndun



**15.900 m/vsk**
Fullt verð 19.900

www.sindri.is I sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
Draupnisgötu 2, Akureyri

SINDRI VINNUFÖT

# Gulleyjan



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stundum er sagt að Íslendingar hafi lítið lært af fjármálahruninu 2008. Slíkar fullyrðingar, sem virðast yfirleitt byggja á óljósum tilfinningum fólks, stangast hins vegar oftar en ekki á við raunveruleikann – sem betur fer. Einn helsti lærdómurinn af gjaldeyris- og bankakreppunni, að minnsta kosti í efnahagslegu tilliti, er sá að fyrir lítið, opið hagkerfi eins og Ísland skiptir öllu að viðhalda jafnvægi á greiðslujöfnuði þjóðarbúsins við útlönd. Aldrei aftur megum við komast í þá stöðu að hagkerfið verði rekið með blússandi viðskiptahalla ár eftir ár. Þá fyrst er ástæða til að hafa áhyggjur af harðri lendingu.

Óhætt er að segja að algjör umskipti hafi orðið til hins betra í þessum efnum á skömmum tíma. Viðskiptaafgangur hefur verið mikill og viðvarandi síðustu ár, jafnvel samhliða miklum hagvexti og hækkandi raungengi, og aldrei mælst meiri á lýðveldistímanum. Þrátt fyrir góðæri hafa Íslendingar með öðrum orðum ekki verið að eyða um efni fram. Þjóðhagslegur sparnaður, sem er ávallt birtingarmynd viðskiptaafgangs, er enn í hæstu hæðum. Fátt er í kortunum um að á þessu verði breyting á komandi árum.

Þessi efnahagsþróun hefur valdið því að hrein erlend staða þjóðarbúsins hefur farið ört batnandi og er nú orðin ein sú besta í Evrópu. Staðan var jákvæð um 370 milljarða í september 2018, eða sem nemur 13,3 prósentum af landsframleiðslu, en aðeins sex ríki í Evrópusambandinu skora betur en Ísland á þann mælikvarða, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Ísland er komið í hóp með ríkjum á borð við Þýskaland, Holland, Lúxemborg og Svíþjóð í stað þess að verma botninn ásamt ríkjum í Suður-Evrópu.

Litið nokkur ár aftur í tímann, þegar raunverulegar áhyggjur voru fyrir hendi um sjálfbærni skuldastöðunnar ef illa færi við losun fjármagnshafta, þá er þessi árangur um margt ótrúlegur. Þetta gerðist ekki af sjálfu sér. Stöðugleikaskilyrði stjórnvalda og vel heppnuð áætlun um afnám hafta, þar sem kröfuhafar framseldu innlendar eignir að jafnvirði meira en 500 milljarða endurgjaldslaust til ríkisins, skipti sköpum. Ekkert er því til fyrirstöðu, með skynsamlegri hagstjórn og stöðugleika á vinnumarkaði, að staða þjóðarbúsins styrkist enn frekar á næstu árum.

Hvaða þýðingu hefur það að Ísland hafi breyst frá því að vera fjármagnsinnflytjandi með viðvarandi viðskiptahalla, líkt og 1945 til 2008, og til þess að vera fjármagnsútflytjandi með viðskiptaafgang? Ásgeir Jónsson hagfræðingur hefur bent á að sökum þessa ætti jafnvægisgengið að geta verið hærra en ella og langtímavextir farið lækkandi sem hefur einnig þau áhrif að við fáum til okkar vaxtatekjur frá útlendingum í stað þess að við séum að greiða vexti út úr landinu. Niðurstaðan er meiri kaupmáttur almennings.

Sögulega séð hefur fylgifiskur uppsveiflna á Íslandi iðulega verið mikill viðskiptahalli sem hefur síðan að lokum framkallað gengisfall og verðbólgu. Aðeins meiriháttar stórslys, sem yrði þá vegna heimatilbúinna aðgerða, gæti leitt til sömu niðurstöðu í þetta sinn nú þegar hagkerfið er tekið að kólna. Sterkar stoðir þjóðarbúsins þýða að erfitt er að sjá fyrir sér atburðarás þar sem krónan mun gefa verulega eftir. Kjarasamningar um innstæðulausar tugprósenta launahækkanir, sem hefðu þær fyrirsjáanlegu afleiðingar að viðskiptaafgangurinn myndi snúast í halla innan fárra ára, gætu hins vegar ógnað þessari stöðu. Það er því alls ekki útilokað að okkur takist að klúðra þessu.

**Sterkar stoðir þjóðarbúsins þýða að erfitt er að sjá fyrir sér atburðarás þar sem krónan mun gefa verulega eftir.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Góðar fréttir úr Morðfirði**
**Ríkisútvarpið lét þau boð út ganga í gær að Netflix hefði samið um alheimssýningarréttinn á íslensku sjónvarpsþáttaröðinni The Valhalla Murders. Þættirnir hverfast að sögn um að því er virðist fyrsta íslenska raðmorðingjann á síðari tímum og einvalalið íslenskra höfunda mun skrifa handritið; Margrét Örnólfsdóttir, Ottó Geir Borg, Mikael Torfason og Óttar M. Norðfjörð eða „Óttar Morðfjörð“, eins og hann er nefndur á enskum fréttavef RÚV. Höfundurinn er að vonum hæstánægður með þetta óvænta höfundarnafn, enda „nota bene besta nafn á glæpasagnahöfundi í heimi“, eins og hann bendir á á Facebook.**

**Heitavatnsóöryggi**
**Hitaveituvatnssparnaðarákall Orkuveitu Reykjavíkur kom flatt upp á margan Íslendinginn enda skortur fjarlægur möguleiki í landi þar sem slíkt frussast upp úr óþrjótandi uppsprettum neðanjarðar. Fjölmiðlamaðurinn fjölfróði Sigurður G. Tómasson vekur athygli á þessu á Facebook og ályktar að „fyrirtækið sé vanbúið til þess að mæta algengu veðurfari hér“, þar sem kuldakastið nú sé ekkert sérstaklega hart. Skortinn rekur hann til ævintýra „gróðamanna“ hjá OR sem hafi litið framhjá því „grundvallaratriði að hitaveitan dugi í venjulegu íslensku vetrarveðri“.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Gerum betur



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Íslenskt samfélag hefur árlega orðið af mörg hundruð milljóna króna sparnaði undanfarin ár. Ástæðan er offjárfesting borgarfyrirtækis, skortur á samvinnu og seinagangur við breytingar á lögum sem gilda um fjarskiptamarkað á Íslandi. Þannig er til dæmis ekki enn lokið innleiðingu á fimm ára gömlum Evrópureglum um hagkvæma uppbyggingu háhraðaneta. Þar er kveðið á um skyldu til samnýtingar innviða og framkvæmda. Um þá tilskipun ritaði forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2015: „PFS telur að ná megi fram sparnaði sem nemur hundruðum milljóna með því að innleiða þessa tilskipun.“

Alþingi hefur nú til meðferðar þingsályktunartillögu um fjarskiptaáætlun þar sem koma fram góð fyrirheit um að „ná fram hagkvæmri notkun fjármagns,“ stuðla að „aukinni og hagkvæmri samnýtingu“, horft verði til aukinnar „nýtingar fjarskiptainnviða í opinberri eigu“, uppfæra eigi regluverk til að stuðla að „framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd“. Álíka góðar heitstrengingar voru í fjarskiptaáætlun, sem Alþingi samþykkti í 2012, en svo liðu árin og stærsta opinbera fjarskiptafélag landsins, Gagnaveita Reykjavíkur, hunsaði hugmyndafræðina. Lagaumgjörðin var auk þess ekki uppfærð og hinni mikilvægu Evróputilskipun frestað. Á þeim árum sem liðin eru hefur verið fjárfest fyrir tugi milljarða í fjarskiptainnviðum og því miður felst of stór hluti af því í tvífjárfestingum sem hefði verið hægt að komast hjá.

Nú þegar fimmta kynslóð farsímakerfa (5G) og internet hlutanna (IoT) er við sjóndeildarhringinn er orðið enn brýnna að fé til fjárfestinga á Íslandi sé nýtt skynsamlega. Að ekki sé sóað í að tvígrafa að sömu byggingunum á suðvesturhorninu og vanfjárfesta úti á landi.

Ekkert eitt fjarskiptafyrirtæki mun byggja upp eitt stórt 5G-kerfi. Tækni framtíðarinnar mun hvíla á mun dýpri og opnari samnýtingu innviða en tíðkast hefur.

Stjórnvöld eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmum fjárfestingum. Þróunin í fjarskiptum og tækni er mjög ör og mikilvægt er að löggjöfin taki mið af því.

**Ekkert eitt fjarskiptafyrirtæki mun byggja upp eitt stórt 5G-kerfi. Tækni framtíðarinnar mun hvíla á mun dýpri og opnari samnýtingu innviða en tíðkast hefur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Geimspeki 101

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Varist óttann, því óttinn markar upphaf leiðarinnar að Skuggahliðinni. Óttinn getur af sér reiðina, af reiðinni sprettur hatur og hatrið er uppspretta þjáningar.“ Þessa gáfulegu lífsspeki lét hinn vígfimi geimspekingur Yoda lærlingi sínum Anakin í té í fyrsta kafla Stjörnustríðsmyndanna. Þetta reyndust viðeigandi hugleiðingar því Anakin reyndist vera Gabríel Stjörnustríðsmyndanna, hinn fallni engill sem varð að myrkrahöfðingja.

Yoda vissi, eins og margt gamalt og lífsreynt fólk (Yoda er að minnsta kosti 900 ára gamall), að í öllum manneskjum er að finna tilhneigingar í átt til bæði þess góða og hins illa. Rétt eins og garðyrkjumaður þarf að grisja frá illgresi svo nytjaplöntur geti vaxið, þá þurfa manneskjurnar að gæta þess að láta ekki neikvæðar og óhollar tilfinningar skjóta rótum og sjúga burt orku og næringu frá því sem gerir okkur betri, sterkari og hamingjusamari.

## Yoda gagnrýndur

En jarðbundnir sálfræðingar og heimspekingar eru ekki algjörlega sáttir við þessa framsetningu Jedi-meistarans. Þeir benda á að óttinn sé nauðsynlegur til þess að hjálpa okkur að taka ekki of glannalegar ákvarðanir. Þó geta oft komið upp aðstæður þar sem nauðsynlegt er að reyna að sigrast á honum, því þótt hann sé sannfærandi þá hefur hann ekki alltaf rétt fyrir sér. Þá reynir einmitt á hugrekki og dómgreind—að vita hvenær rétt er að láta hyggjuvitið yfirbuga brjóstvitið, bíta á jaxla og í skjaldarrendur og láta ekki hamaganginn í brjóstholinu stöðva sig.

Það má hins vegar segja Yoda til varnar að hann var örugglega ekki svo yfirborðskenndur að halda að óttinn sem slíkur sé slæmur, heldur eiga orð hans einmitt við um ástæðulausan ótta, gunguskap og tepruskap; óttann við að lifa lífinu, óttann við hið óþekkta, óttann við það sem er nýtt og óttann við það sem er öðruvísi. Þannig ótti, sem ekki er reistur á rökum eða þekkingu, heldur á bábiljum og vanþekkingu, getur nefnilega leitt mennina inn á alls konar hættulegar hugarslóðir. Það er þannig ótti sem getur af sér þá tegund reiði sem er hættuleg.

## Reiðin svalar eða kvelur

Reiðin er nefnilega ekki öll hættuleg heldur. Hún getur verið gagnleg. Það væri til að mynda lítið spunnið í fyrirliða í fótboltaliði sem legði áherslu á að tala alltaf kurteislega við samherja sína þegar þeir gera ekki það sem ætlast er til af þeim inni á vellinum. „Þórlindur minn, heldurðu að þú gætir kannski reynt að vera kominn inn á svæðið sem þú ert að dekka aðeins fyrr næst þegar það kemur útspark frá hinu markinu. Ég er ekkert að gagnrýna þig, bara að benda þér vinsamlega á það.“ Svona talaði Arnar Pétursson, fyrirliði Týs, ekki við mig þegar ég reyndi að spila vinstri bakvörð í gamla daga. En á fótboltavellinum komu einmitt saman kostir reiðinnar og óttans, því það sem dreif mig áfram til að uppfylla mína takmörkuðu getu í knattspyrnu var einmitt einna helst logandi hræðsla mín við reiði fyrirliðans.

Inni á íþróttavelli fá tilfinningar, þar á meðal reiði, að springa ómengaðar út svo lengi sem þær þjóna sameiginlegum tilgangi liðsins. Og rannsóknir sýna einmitt að þegar fólk hefur reiðst og rifist þá er það gjarnan miklu frekar til góðs en ills. Gott rifrildi milli samstarfsfólks, hjóna eða liðsfélaga losar um streitu, útskýrir hraðar og betur en kurteisishjal hvernig fólki líður raunverulega og neyðir alla til þess að hugsa bæði sinn gang og annarra. Þetta þekkja allir sem rifist hafa á jafnræðisgrundvelli við maka, vini og vinnufélaga—ef samband fólks er nógu traust til að þola smá ágjöf þá styrkist það gjarnan þegar það fær að hristast í átökum. Stundum getur það meira að segja verið móðgandi að reiðast ekki; eins og maður ætlist til svo lítils af fólkinu í kringum sig að það taki því ekki að skipta skapi þegar það stendur sig illa eða bregst.

## Læti eða ranglæti

Betri eru læti en ranglæti, sagði körfuboltadómari sem ég kannast við, og mátti síðar heyra þetta hermt upp á sig í nánast hverjum einasta leik. Og það er líka rétt því án réttlátrar reiði væri ekki hægt að fá fólk til að taka saman höndum um að binda enda á ýmiss konar kerfisbundið óréttlæti. Það er einmitt með að finna slíkri reiði frjóan farveg sem ýmis stærstu réttlætisskref sögunnar hafa verið stigin. Reiðin er því—alveg eins og óttinn—nauðsynleg tilfinning ef hún fær að blómstra í góðum farvegi.

## Reiði og heift

En þegar tímabundin bræði breytist í heift og ofsa, þá er voðinn vís. Þá missir reiðin sinn hreinsandi mátt, markmið heiftarinnar verður ekki sátt heldur hefnd, ekki réttlæti heldur refsing.

Innibyrgð reiði, sem hvergi fær útrás, breytist svo sannarlega í hatur og hefur ömurleg áhrif á líðan og heilsu fólks og dregur það inn á leiðina sem liggur í skuggahliðarnar.

Og það er eflaust þannig reiði sem Yoda var að tala um, ekki kvabb yfir dómgæslu í íþróttaleik, pirringur yfir baðherbergisumhirðu eða tilfinningaleg berskjöldun í einlægum skoðanaskiptum og tilfinningatali fólks sem virðir hvert annað þrátt fyrir ósætti.

## Hatrið er aldrei fallegt

En þegar kemur að hatrinu, þá eru allir sammála Yoda og enginn þykist vita betur. Það eru engar fegrandi hliðar á hatrinu. Sá sem burðast með hatur og bræði veldur sjálfum sér og öðrum miska og óhamingju. Hatrið er aldrei gott fyrir neinn. Það leiðir sannarlega til þjáningar. Og hatrið fer þeim ekkert betur sem hefur rétt fyrir sér heldur en hinum sem hefur rangt fyrir sér.

Það er ekkert hollara veganesti fyrir þá sem telja sig vera í heilögum hefndarleiðangri eða þá sem hafa gerst sekir um illfyrirgefanlegar syndir, skandala eða jafnvel glæpi. Jafnvel hinn réttlátasti málstaður verður að ljótri heift og óréttlæti ef hann mengast af hatri.

Það er stundum sem maður fær á tilfinninguna að það gæti verið góð hugmynd að hafa aðeins fleiri sem hugsa eins og Yoda í áhrifastöðum, en aðeins færri sem eru svo sannfærðir um réttmæti málstaðar síns að þeir leyfa sér að hatast við andstæðinginn.




HVERFISGATA 18A — 101 REYKJAVÍK
NORR11
NORR11.COM

# SLÁÐU Í GEGN Í PARTÝINU!
# SUPER BOWL LIII!




Tilboð gilda út 3. febrúar

**Breyers ís**
**Nýr Amerískur ís í Hagkaup**

verð frá **699** kr/stk




**TILBOÐ**

**Bang orkudrykkir**

**299** kr/stk
Verð áður 379 kr/stk

**2.899** kr/ks
Verð áður 4.549 kr/ks




**Green Mountain Gringo**
**Tortilla strips og salsa**
**Náttúruleg og sérvalin hráefni**

verð frá **699** kr/pk




**Kjúklingavængir 800 g**
**Buffaló og BBQ**

**499** kr/pk
Verð áður 599 kr/pk

VEGAN




**Lenny and Larry´s**
**Próteinríkar Vegan smákökur**

**479** kr/stk




**Urban Accents poppmaís og krydd**

verð frá **599** kr/stk




**Cheetos Puffs**
**Risapoki af ostasnakki! 430 g**

**1.299** kr/pk



**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

# Meira svona alla daga




50% afsláttur

**Bubbies - pickles og slices**

**998** kr/stk

**Elduð grísarif**

**799** kr/kg

Verð áður 1.299 kr/kg

**Bone Suckin´ Sauce**
**Margverðlaunuð BBQ sósa frá USA**

**350** kr/pk

Verð áður 699 kr/pk




20% afsláttur

**Stonewall Buffalo Wing sauce**

**979** kr/stk

**Kjúklingavængir**

**319** kr/kg

Verð áður 399 kr/kg




15% afsláttur

**Smash Style hamborgarar**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| **450** kr/pk | **501** kr/pk | **552** kr/pk | **1.104** kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 589 | Verð áður 649 | Verð áður 1.299 |




15% afsláttur

**Íslenskar ungnautalundir**

**5.949** kr/kg

Verð áður 6.999 kr/kg

# Dæmið gengur ekki upp fyrir stúdenta



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
formaður Viðreisnar

Ég var að keyra heim úr vinnu í vikunni og varð litið á auglýsingu í strætóskýli þar sem á stóð með stórum stöfum „Stúdentar mega ekki hafa það betra“. Um er að ræða herferð á vegum Landssamtaka íslenskra stúdenta, sem eru regnhlífarsamtök allra stúdenta á Íslandi sem og íslenskra stúdenta erlendis. Þrátt fyrir að plakatið á strætóskýlinu sé nokkuð djarft þá eru skilaboðin skiljanleg. Stúdentar eru skiljanlega orðnir langþreyttir á endalausri bið eftir almennilegum kjarabótum.

Við í Viðreisn höfum reynt eftir bestu getu að halda menntamálaráðherra við efnið með því að spyrja hana reglulega hver staðan í málefnum stúdenta sé og hvort breytinga sé að vænta. Yfirleitt höfum við fengið að heyra loforð um „stórsókn í menntamálum“ eða að „hér verði eitt besta lánasjóðskerfi á Norðurlöndunum“ sem er fagnaðarefni. Metnaður í jafn mikilvægu samfélagsmáli er dýrmætur og því brýnt að staðið verði við stóru orðin.

**Biðin endalausa**

Það er löngu ljóst að stúdentar hafa beðið í alltof langan tíma eftir kjarabótum og að tekin verði endanleg ákvörðun um raunverulegt framtíðarskipulag á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Á umliðnum árum hafa þrjár endurskoðunarnefndir verið settar í gang og sú fjórða nú hafið störf. Því er ólíklegt að nýtt lánasjóðsfyrirkomulag verði komið á fyrr en 2020 eða jafnvel 2021.

Fyrir liggja tvö ólík frumvörp, annað frá Katrínu Jakobsdóttur og hitt frá Illuga Gunnarssyni. Frumvörpin eru eðlisólík, en ýmislegt þar sem hægt væri að nýta. Bæði sett fram af góðum hug og metnaði. Í fyrra boðaði Lilja Alfreðsdóttir enn eina útgáfuna af kerfinu sem áætlað er að komi fram næsta haust eða hið svo kallaða „eitt besta kerfi á Norðurlöndunum“. Gott og vel. En allan þennan tíma, á heilum áratug eða allt frá árinu 2009 hafa stúdentar setið á hakanum vegna þess að stjórnmálin geta ekki komið sér saman um réttu leiðina. Og ráðuneyti menntamála og fjármála ekki alltaf verið samstíga.

Á þessum tíma hafa að minnsta kosti tugir ólíkra fulltrúa starfað í þágu stúdenta og verið þeirra forsvarsmenn. Og hver og einn þeirra, í umboði síns stúdentafélags, þrýst á breytingar. Sumir stúdentar voru jafnvel að hefja nám í menntaskóla þegar endurskoðunarvinnan 2009 hófst og eru jafnvel að hefja doktorsnám í dag. Svo löng er biðin. Til að setja hlutina í samhengi var Barack Obama að hefja forsetaferil sinn á sama tíma og endurskoðunin hófst, kláraði tvö kjörtímabil og verið í tvö ár án forsetatitilsins til viðbótar. Á meðan hafa kjör stúdenta rýrnað og eru í dag á þeim stað að þau eru fullkomlega óásættanleg.

**Stjórnmálin skulda námsmönnum betri vinnubrögð. Að þeirra kjör séu ekki notuð sem pólitísk skiptimynt rétt fyrir kosningar eða til þess að halda friðinn. Stúdentar eiga skilið fyrirsjáanleika um það hvernig málum þeirra skuli háttað. Þeir eiga líka skilið að fá skýr svör um það hvernig ráðherra hyggst byggja upp lánasjóðskerfið, hvernig greiðslum á afborgunum verði háttað og hvernig leysa á húsnæðismarkaðinn.**

**Óásættanleg kjör**

Í dag er grunnframfærsla háskólastúdents sem tekur lán 184.000 á mánuði. Á meðan eru grunnatvinnuleysisbætur 279.720 kr. á mánuði og lágmarkslaun 300.000 kr. Sami stúdent má aðeins þéna 930.000 krónur á ári og ef hann vinnur meira en það skerðist lánið um 45% í refsiskyni. Frítekjumarkið hefur ekki hækkað um eitt prósent frá árinu 2014, en á meðan hafa laun hækkað um 43%. Hver er hvatinn í þessu kerfi? Enginn. Fyrirsjáanleikinn? Enginn. Í ofanálag ríkir óvissa um húsnæðismál stúdenta auk þess sem þeir eru sá hópur sem er í hvað mestri áhættu gagnvart þunglyndi, kvíða og öðrum geðsjúkdómum.



Stjórnmálin skulda námsmönnum betri vinnubrögð. Að þeirra kjör séu ekki notuð sem pólitísk skiptimynt rétt fyrir kosningar eða til þess að halda friðinn. Stúdentar eiga skilið fyrirsjáanleika um það hvernig málum þeirra skuli háttað. Þeir eiga líka skilið að fá skýr svör um það hvernig ráðherra hyggst byggja upp lánasjóðskerfið, hvernig greiðslum á afborgunum verði háttað og hvernig leysa á húsnæðismarkaðinn. Núverandi fjármálaáætlun gefur að minnsta kosti fá svör við þessum spurningum. Stúdentahreyfingarnar sjálfar hafa kallað eftir svörum og fá lítið annað en fögur fyrirheit um að framtíðin verði frábær. Eða jafnvel bara best á Norðurlöndunum. Allt mjög fallegt.

Og þá hlýtur maður að spyrja – þarf virkilega að bíða til ársins 2020 eða 2021 eftir alla þá vinnu sem þegar liggur fyrir? Ljóst er að ef menntamálaráðherra þarfnast stuðnings til að bæta og hraða endurbótum á námslánaumhverfi stúdenta fær hún stuðning frá Viðreisn. Við munum að minnsta kosti halda áfram að hvetja hana til dáða. Og í lokin til að svara fullyrðingu stúdenta á strætóplakötum bæjarins – svo sannanlega mega stúdentar hafa það betra en ekki síður að óvissu í umhverfi þeirra verði eytt. Ég veit að minnsta kosti að dæmið gengur ekki upp.




# Vilt þú starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum til formanns og í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.
**Framboðsfrestur er til kl. 12.00 á hádegi, mánudaginn 11. febrúar 2019.**

Um er að ræða annars vegar einstaklingsframboð til formanns, til sjö sæta í stjórn og þriggja til vara. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til formanns og 15 þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar og varastjórnar.

Hins vegar er um að ræða listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista uppstillingarnefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 352 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Frambjóðendum er bent á **www.vr.is**, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegri upplýsingar birtar um framboð til formanns, stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma **510 1700** eða með tölvupósti til **kjorstjorn@vr.is**.

**Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.**

1. febrúar 2019
Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS

BÓNUS

# NÝTT Í BÓNUS




Öflugur 900W

## BLANDARI

Aukahlutir:
2 hnífar
1 stórt glas
2 lítil glös
2 lok

**6.998**
kr. stk.

**Power Blender Blandari**
900W

Verð gildir til og með **3. febrúar** eða meðan birgðir endast


Fullmeyrnað
ÍSLENSKT
Ungnautakjöt
ÍSLANDSNAUT
MEYRT OG SAFARÍKT
4.398
kr. kg
ÍN Ungnauta Ribeye
Ferskt og fullmeyrnað
ÍSLENSKT
gjörið svo vel
500ml
PIPAROSTA RJÓMASÓSA
RJÓMA SVEPPASÓSA
AÐEINS AÐ HITA
498
kr. 500 ml
ÍS Piparostarjómasósa, 500 ml
ÍS Rjómasveppasósa, 500 ml
KOLVETNASKERT PRÓTEINBRAUÐ
Aðeins 12 g kolvetni og
25 g prótein pr. 100 g
BÓNUS
Próteinbrauð
398
kr. 400 g
Bónus Próteinbrauð
400 g
6 BEYGLUR
í poka
BLÁBER
FÍNAR
SESAMFRÆ
KANILL & RÚSÍNUR
AMERÍSKAR BEYGLUR
NEW YORK STYLE
498
kr. 680 g
Amerískar Beyglur
6 stk. í poka, 680 g, 4 teg.
Smyrja
Létt með smjörbragði
198
kr. 300 g
Smyrja
300 g
NÁTTÚRULEG PRÓTEINBOMBA
82% prótein
VESTFIRZKA HARÐFISKSALAN
Harðfiskur
1.398
kr. 200 g
300kr
verðlækkun
Vestfirskur Harðfiskur
Þorskur, flök, 200 g
Verð áður: 1.698 kr
3 X 250 ML
Súkkulaðibragð
HÁMARK
398
kr. pk.
Hámark Próteindrykkur
Súkkulaðibragð, 3 x 250 ml

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 1. FEBRÚAR 2019



Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, tók við viðurkenningu á FKA-hátíðinni í gærkvöldi fyrir vel unnin störf í þágu atvinnurekstrurs kvenna. Hún á langan og góðan feril að baki. →4



# Eignaðist tvö börn á einu ári

Sveitastúlkan Lovísa Heiðrún Hlynsdóttir eignaðist tvo syni í fyrra, með ellefu mánaða millibili. Hún segir börnin það besta í lífinu og að ekki þurfi að skammast sín fyrir að stutt sé á milli þeirra. →2

Lovísa Heiðrún með syni sína, Víking og óskírðan, sem báðir fæddust í fyrra. MYNDIR/DAVÍÐ MÁR



Framhald af forsíðu ➜



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Það var undarleg tilfinning að vera með nýfætt barn í fanginu og uppgötva að ég væri strax orðin ólétt á ný. Ég fékk svona nett taugaáfall en samt var barnsvonin ánægjuleg og svo innilega velkomin,“ segir Lovísa Heiðrún Hlynsdóttir sem eignaðist tvo syni á nýliðnu ári, en þó ekki tvíbura.

„Ég er ekki ein af þeim sem þráðu stóran barnaskara og ætlaði að eignast í mesta lagi þrjú um ævina, en nú er ég orðin þriggja barna móðir eftir þrjár meðgöngur, aðeins 22 ára,“ segir Lovísa sem verður 23 ára í mars.

Fyrst fæddist frumburðurinn Veronika, 18. janúar 2016, svo Víkingur, 24. janúar 2018, og sá yngsti kom í heiminn 19. desember 2018 en hann verður skírður 10. febrúar. Því eru tæpir ellefu mánuðir á milli bræðranna.

„Það var furðuleg tilhugsun að vera komin með annað barn á innan við ári. Víkingur fæddist algjör hlunkur og það seig alltaf meira og meira í að halda á honum eftir því sem bumban á mér stækkaði. Ég er ótrúlega forvitin og vildi vita kynið á öllum börnunum en mér var alveg sama af hvoru kyninu þau yrðu. Mér þótti þó gaman að það yrðu bræður sem fæddust á sama árinu. Það verður svo skemmtilegt fyrir þá þegar þeir verða eldri, að vera í sama bekk, fermast saman og vera kannski í sama flokki í fótbolta,“ segir Lovísa dreymin.

## Gæi með langbesta knúsið

Lovísa Heiðrún er sveitastúlka frá bænum Melstað austan við Héraðsvötn í Skagafirði.

„Ég kem úr fimm systkina hópi og er yngsta systir mín sex ára. Á bænum búa foreldrar mínir, afi og amma og systkinin en draumur minn er að flytja einn daginn austur yfir Vötnin. Ég hef bara ekki enn fundið rétta húsnæðið og enn um sinn verðum við fjölskyldan á Króknum þar sem við höfum gert upp gamalt hús,“ segir Lovísa sem kynntist manni sínum, Sauðkræklingnum Þórði Grétari Árnasyni, á djamminu þegar hann var í skóla fyrir sunnan.

„Þórður er fjórtán árum eldri. Ég kolféll fyrir honum því hann var svo góður og ljúfur við mig og svo fannst mér hann líka svo sætur! Þórður er rólegur og nettur gæi með langbesta knúsið,“ segir Lovísa og hlær af hamingju.

Þórður verður í fæðingarorlofi þar til í mars en hann er sjómaður á togaranum Arnari.

„Það hefur verið gott að hafa Þórð heima en ömmur og afar eru líka dugleg að hlaupa undir bagga og við erum með mjög gott bakland sem er auðvitað mikilvægt og dýrmætt. Við Þórður erum samhent með börnin og skiptum okkur á milli drengjanna sem vakna einu sinni á nóttu, sá eldri til að fá snuðið sitt og sá yngri til að drekka. Við sofum því öll vel og hjálpumst að; allt gengur upp og lífið er yndislegt.“



Hamingjusöm fjölskylda; frá vinstri faðirinn Þórður, svo systkinin Víkingur og Veronika og sá yngsti óskírður í faðmi Lovísu móður sinnar. MYNDIR/DAVÍÐ MÁR

> Ég tók það svolítið inn á mig hvernig fólk talaði. Maður á hins vegar ekki að þurfa að skammast sín. Það besta í lífinu eru börnin manns, sama hversu stutt er á milli þeirra.

## Hræddist skoðanir annarra

Í litlu bæjarfélagi þar sem allir þekkja alla segir Lovísa marga hafa hneykslast á því þegar hún varð ólétt aftur svo nýbúin að eignast barn.

„Það vakti eftirtekt í jafn litlu samfélagi og á Króknum og ég tók það svolítið inn á mig hvernig fólk talaði. Það var þó aðallega ókunnugt fólk sem fussaði og sveiaði og sumir spurðu hvort Þórður hefði farið upp á mig á fæðingardeildinni. Það var auðvitað afskaplega dónalegt sem og fleiri athugasemdir og ég hræddist skoðanir annarra. Þótt þær eigi ekki að skipta máli koma þær við mann. Maður á hins vegar ekki að þurfa að skammast sín. Það besta í lífinu eru börnin manns, sama hversu stutt er á milli þeirra,“ segir Lovísa.



Það er skemmtilega mikill munur á bræðrunum þótt báðir hafi fæðst í fyrra.

Hún nýtur sín í móðurhlutverkinu.

„Ég lifi fyrir börnin mín og það skemmtilegasta sem ég veit er að vera með þeim. Veronika fór ekki í leikskóla fyrr en í fyrrahaust, þá orðin tveggja og hálfs árs, og það voru forréttindi að vera með hana heima og eiga dagana með henni. Hún fékk leikskólapláss 18 mánaða og margir urðu hneykslaðir á að hún færi ekki í leikskólann þá en Veronika var bara ekkert fyrir mér, jafnvel þótt ég hafi verið ólétt og að gera upp hús. Ég er líka mikið í sveitinni með fjölskyldunni og vildi hafa hana með. Það getur varla verið verra fyrir barn að vera með stórfjölskyldunni sinni en í vistun í leikskóla. Þessi tími kemur ekki aftur í lífi barnsins og það er einstakt að mega horfa á börnin sín stækka og þroskast og fyrir ömmur og afa að njóta samvista með þeim.“

## Börn eru engin hindrun

Barneignum Íslendinga fækkar og íslenskar konur draga úr hófi fram að eignast börn. Um það hefur Lovísa að segja:

„Flestar ungar konur vilja mennta sig fyrst, ferðast um heiminn, djamma og hlaupa af sér hornin en það er allt hægt þótt maður eigi börn,“ segir Lovísa. „Sumir líta á það sem heimsendi að eignast börn ungur og halda að lífið taki algjöra u-beygju en ég get staðfest, orðin þriggja barna móðir 22 ára, að lítið barn eða börn eru engin fyrirstaða. Sumt þarf að bíða en það er líka allt í lagi. Allt lífið er fram undan og nægur tíminn. Það er líka kostur að koma með börnin snemma því þá fær maður lengri tíma saman ef gæfan er manni hliðholl.“

Lovísa var rétt komin af barnsaldri þegar hún varð ófrísk, nýorðin nítján ára. Hún vann þá á samningi sem hárgreiðslunemi en er nú stopp í náminu vegna barneigna.

„Mér fannst ég alveg nógu fullorðin til að verða móðir og maður þroskast auðvitað mikið við það að eignast barn. Mér finnst alls ekki erfitt að vera móðir og lífið er ekki búið þótt maður eignist barn, þvert á móti verður það ríkulegra. Maður getur gert allt þótt maður eigi börn og það er yndislegt að hafa þau samferða manni í lífinu. Maður þarf bara að gæta þess að fá stundum tíma fyrir sjálfan sig og þá fær maður pössun og nýtur þess enn meir sem maður er að gera.“

Í augnablikinu segist Lovísa þó ekki geta gert allt sem jafnaldrar hennar gera sér til gamans og skemmtunar.

„En sá kemur dagur og ég verð búin með ungbarnapakkann þegar aðrir fara í gegnum hann. Það eru svo margir kostir að vera ung mamma, maður er hraustari og sprækari og ég er fegin að vera búin þótt maður eigi aldrei að segja aldrei né útiloka neitt þegar kemur að barneignum,“ segir Lovísa brosmild með yngsta son sinn í fanginu.

„Börnin voru fyrstu átta vikurnar á brjósti og fengu svo pela með. Þessi litli þyngist hratt og stefnir í að verða smá göltur eins og bróðir hans, en þegar ég ber saman mál og vog sést að bræðurnir eru svipaðir á kúrfunni.“

Víkingur fylgist athugull með móður sinni og bróður.

„Það er ótrúlegt að sjá mun á vexti og þroska barns á aðeins einu ári. Veronika fæddist öll minni og nettari og þau Víkingur eru nú næstum jafn stór. Það er svo fagurt að sjá samneyti systkinanna. Víkingur gefur litla bróður sínum gaum, segir blíðlega aaaah við hann og skynjar að hann sé lítill og viðkvæmur. Systkinakærleikurinn leynir sér ekki,“ segir Lovísa sæl með barnahópinn sinn.

„Í veganesti út í lífið vil ég að börnin læri að bera virðingu fyrir náunganum og að mistök séu til þess að læra af þeim. Við Þórður þurfum svo að læra að vera við tvö án þess að ég sé ólétt eða nýbúin að eignast barn. Við vorum svo nýlega byrjuð saman þegar ég varð ólétt að Veroniku og þekkjum ekki annað en að ég sé ólétt. Við erum því heppin að vera náin, samhent og samstíga þegar allt kemur til alls!“







**Birgir Þórðarson**, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi Mage LP299V®** gerði honum gott og tekur 1 hylki á dag.

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,




Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 1. TIL 3. FEBRÚAR**

**HANS J. WEGNER,**
**ARNE JACOBSEN,**
**BORGE MOGENSSEN,**
**PHILIPPE STARCK,**
**ERIK MAGNUSSEN, OFL.**

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal




# Yngri konur sjálfsöruggari

**Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, tók við viðurkenningu á FKA hátíðinni í gærkvöldi fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna. Hún á langan og góðan feril að baki.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Viðurkenning FKA er veitt fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna eða þeim sem hafa verið konum í atvinnulífinu sérstök hvatning eða fyrirmynd. Margrét hefur verið virk í félaginu í mörg ár og segir að viðurkenningin hafi mikla þýðingu fyrir sig. Hún sat í stjórn FKA á mótunarárum félagsins og tók síðan við sem formaður árin 2005-2009. „Mér finnst ég eiga pínulítið í félaginu og því er viðurkenning frá „mínu“ félagi mér sérstaklega kær,“ segir hún.

„Ég held að öllum finnist gott að fá klapp á bakið fyrir vel unnin störf en hugsanlegar viðurkenningar eiga ekki að stjórna því hvort einhver sækist eftir stjórnunarstöðu,“ segir Margrét. „Stjórnunarstöður veita oft tækifæri til að hafa áhrif á og breyta samfélaginu sem þú býrð í og það á að vera aðalhvatinn. Viðurkenningar eins og FKA veitir eru engu að síður góð leið til að draga fram einstaklinga sem hafa gert góða hluti og geta orðið yngri kynslóðinni fyrirmynd. Í því liggur vanmetinn kostur við viðurkenningar.“

Margrét hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra hjá Pfaff í 25 ár. „Pfaff er eitt elsta fjölskyldufyrirtæki landsins en svo skemmtilega vill til að fyrirtækið fagnar 90 ára afmæli á árinu. Afi minn stofnaði það árið

> Unga kynslóðin sem er að taka við er algjörlega frábær, miklu flottari en við vorum. Þær eru upp til hópa sjálfsöruggar og vita hvað þær vilja. Þegar þú hefur slíka eiginleika eru þér flestir vegir færir.

1929. Það var samt ekki fyrr en ég kom heim úr framhaldsnámi, þá 29 ára, sem ég ákvað að „prófa“ að vinna í Pfaff og þar er ég enn tæpum 30 árum seinna,“ segir hún.

Margrét telur að miklar breytingar hafi orðið á stöðu íslenskra kvenna í atvinnulífinu. „Við erum orðnar miklu fleiri, betur menntaðar og með mun meiri reynslu en fyrir nokkrum árum. Kynjakvótinn í stjórnum reyndist algjörlega nauðsynlegur og get ég varla hugsað þá hugsun til enda hver staðan væri ef hann hefði ekki verið lögleiddur því við eigum enn mjög langt í land. Glerþakið er kannski eitthvað ofar og kannski eitthvað þynnra en fyrir nokkrum árum en það er því miður enn til staðar.“

Margrét hefur setið í fjölmörgum stjórnum í gegnum árin. Hún segist alltaf hafa verið mikið „félagsmálafrík“ eða alveg frá því hún var í skóla. „Ég þrífst eiginlega á þessu og hef þar af leiðandi aldrei séð eftir einni einustu mínútu sem hefur farið í þessi störf og þau hafa gefið mér gríðarlega mikið. Ég hef ásamt góðu samstarfsfólki náð fram ýmsum breytingum sem ég tel hafa orðið til góðs – kynnst ógrynni af áhugaverðu fólki og þá gleymast örfáir leiðinlegir fundir á þeirri vegferð.“



Margrét Kristmannsdóttir fékk viðurkenningu FKA en hún er veitt fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna eða þeim sem hafa verið konum í atvinnulífinu sérstök hvatning eða fyrirmynd. MYND/ERNIR

Margrét segist ekki hafa velt mikið fyrir sér jafnréttismálum þegar hún var yngri. Segist varla hafa skilið vandamálið. „Ég ætlaði bara að mennta mig og ná mér í reynslu og þá yrðu mér allir vegir færir. Síðan komst ég náttúrulega að því að svona einfaldur var veruleikinn ekki. Mín kynslóð hefur vissulega unnið mörg vígi en við skiljum næstu kynslóð eftir með risaverkefni. Kannski urðum við værukærar með tímanum enda Ísland alltaf sagt best í heimi þegar kæmi að jafnrétti. Og vissulega er það rétt að hvergi er betra að vera kona en hér á landi. En þetta snýst allt um sjónarhorn því við Íslendingar erum ekki best, við erum einfaldlega skást þegar kemur að jafnrétti. Það er himinn og haf á milli þess að vera best eða vera skást. Næsta kynslóð á að koma okkur alla leið á toppinn – gera Ísland að alheimsfyrirmynd í jafnréttismálum.“

*Ertu bjartsýn á velgengni kvenna í atvinnurekstri framtíðarinnar?*

„Unga kynslóðin sem er að taka við er algjörlega frábær, miklu flottari en við vorum. Þær eru upp til hópa sjálfsöruggar og vita hvað þær vilja. Þegar þú hefur slíka eiginleika eru þér flestir vegir færir. Næsta kynslóð mun mölva bévítans glerþakið!“

# Þýsk veisla fram undan

**Þýskir kvikmyndadagar hefjast í Bíói Paradís í Reykjavík í dag. Á næstu dögum verða sýndar sjö sérvaldar bíóperlur.**

Þýskir kvikmyndadagar hefjast í Bíói Paradís í dag en þeir eru nú haldnir í tíunda sinn. Að þessu sinni verða sýndar sjö sérvaldar bíóperlur auk þess sem haldinn verður einstakur lokaviðburður þar sem Bíói Paradís verður breytt í sveittan þýskan teknóklúbb að sögn Hrannar Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra Bíós Paradísar. Þýskar bíómyndir og kvikmyndahátíðir hafa löngum notið mikilla vinsælda hér á landi og segir Hrönn það ekki koma á óvart. „Þjóðverjar framleiða ótrúlega mikið af kvikmyndum, reka mörg stúdíó og kvikmyndaskóla auk þess sem þar í landi er rík kvikmyndhefð.“



Mackie Messer – Brechts Dreigroschenfilm er opnunarmynd Þýskra kvikmyndadaga í ár en þeir standa yfir frá 1. til 10. febrúar í Bíói Paradís.

## Fjölbreytt úrval

Opnunarmyndin í ár er Mackie Messer – Brechts Dreigroschenfilm. Hún sækir í hin villtu kabarettár Weimar-lýðveldisins og fjallar um það ef Bertolt hefði farið í kvikmyndabransann með verkið sitt, Túskildingsóperuna, og þær pólitísku málamiðlanir sem hann hefði þurft að gera.

Transit er eftir einn fremsta kvikmyndaleikstjóra samtímans, Christian Petzold, en myndin er saga úr helförinni, sögð í nútímabúningi þannig að línurnar milli fortíðar og samtíma verða óljósar. „Þögla byltingin fjallar síðan um stúdenta sem halda táknræn mótmæli með þagnarbindindi í Austur-Þýskalandi 1956 til að sýna samstöðu með ungversku uppreisninni sem var þá í hámarki.“

Þýskir dagar eru óhugsandi án a.m.k. einnar góðrar nasistamyndar segir Hrönn og í ár er það Kafteinninn sem fjallar um ungan liðhlaupa úr þýska hernum í lok seinni heimsstyrjaldar sem finnur liðsforingjabúning sem hann klæðir sig í. „Svo erum við með existensíalíska kvikmynd en í henni upplifir þýskur iðjuleysingi það að verða algerlega einn í heiminum og þarf að finna sinn farveg án samfélagsins alls og hefur engum skyldum að gegna lengur gagnvart neinum.“

Þýskar hryllingsmyndir eru heimsfrægar að hennar sögn og boðið verður upp á alvöru þýska hryllingsmynd í hágæðaflokki í ár sem fjallar um nornir og átökin milli heiðinna siða, trúar og almennrar hysteríu á miðöldum í Þýskalandi. „Svo ætlum við að hylla þýsku teknó- og raftónlistarsenuna með sýningu á heimildarmyndinni „Ég hugsa um Þýskaland á nóttunni“ sem fjallar um þessa senu og þá tónlistarmenn sem eru mest áberandi í þýska teknóinu.“

## Tryllt teknópartí

Auk þess eru skipuleggjendur að undirbúa tryllt teknópartí sem verður haldið laugardaginn 9. febrúar og hefst kl. 22. „Ég mæli með því að fólk sjái fyrst myndina „Ég hugsa um Þýskaland á nóttunni“ og skelli sér svo í villtan dans. Við ætlum ekki að gefa fremstu teknóklúbbum í Berlín neitt eftir. Það verður allt lagt undir þetta kvöld og þeir sem vilja upplifa alvöru klúbbastemningu geta sótt hana á Hverfisgötuna. Klæðaburður verður afar frjálslegur og allt verður mjög erlendis.“

Þýskir kvikmyndadagar standa yfir 1.-10. febrúar. Nánari upplýsingar á www.bioparadis.is.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tiðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is
Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.
info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


ÚTSALAN
ER BYRJUÐ
Full búð af spennandi útivistarvörum
30-50% afsláttur
icebreaker MERINO
100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.
Einnig fáanleg í barnastærðum
OSPREY
OSPREY BAKPOKAR
Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
30-50% afsláttur
30% afsláttur
FERRINO
GSI OUTDOORS
Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar ofl. frá GSI og Ferrino með góðum afslætti
GÖNGUSKÓR OG SANDALAR
KEEN
30-50% afsláttur
patagonia
vörur með góðum afslætti
20-50% afsláttur
Allar GRIVEL og singing rock vörur með góðum afslætti
Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!
GG·sport
Opið í dag föstud. 10-18
Opið laugardag 11-18
og á sunnudag 12-16
GG-sport
BÓNUS
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 www.ggsport.is

# Ætlaði ekki að vera ósýnileg

**Sigríður Snævarr hlaut í gær þakkarviðurkenningu FKA sem veitt er konu fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnandi í atvinnulífinu en hún varð fyrst kvenna á Íslandi til að hljóta sendiherrastöðu.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Sigríður Snævarr heillaðist fyrst af diplómatastarfinu þegar hún stóð fyrir framan Berlínarmúrinn átján ára. „Mig langaði til að helga líf mitt starfi sem leitaðist við að græða sárin, skapa öflugt alþjóðakerfi fullvalda ríkja, koma í veg fyrir stríð og ganga frá friðarsamningum. Þess vegna svaraði ég auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu haustið 1978 þar sem auglýst var eftir embættismanni til starfa. Ég var þá að ljúka meistaraprófi í alþjóðasamskiptum og hafði lokið BS-prófi í hagfræði frá London School of Economics. Skömmu síðar var ég ráðin ásamt Berglindi Ásgeirsdóttur og Gunnari Snorra Gunnarssyni sem eru nú sendiherrar okkar í Moskvu og Peking. Leið mín lá svo sex mánuðum síðar í sendiráðið í Moskvu og gegnum fjölmörg verkefni í sendiherrastól í Stokkhólmi og síðar París og nú er ég sendiherra Íslands í nokkrum ríkjum með búsetu á Íslandi og sinni þeim störfum í þéttri og öflugri liðsheild í nýrri deild heimasendiherra hér í utanríkisráðuneytinu.“



Sigríður Snævarr sendiherra heillaðist átján ára af diplómatastarfinu og varð fyrst kvenna til að gegna sendiherrastöðu fyrir Ísland. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Hún segir að konur hafi lengi átt erfitt uppdráttar í diplómataheiminum. „Árið 1949 fengum við til Íslands frábæran danskan sendiherra, frú Bodil Bergdrup, sem var hvorki meira né minna en fyrsta konan sem varð sendiherra á öllum Norðurlöndunum og ein fyrsta konan í heimi sem skipuð var sendiherra. En þetta var aldrei rætt á neinum opinberum vettvangi. Allt sem gekk gegn almennum skoðunum þess tíma var þagað í hel, svo enginn færi að brjótast út úr viðjunum, viðtekna rammanum um að konur væru á heimilum eða undirmenn á vinnustöðum. Það var ekki fyrr en fjörutíu árum á eftir Dönum, sem Ísland skipaði sína fyrstu konu sendiherra, árið 1991. Frá og með næsta sumri mun helmingur okkar tvíhliða sendiráða verða undir forystu kvenna sem segir auðvitað allt sem segja þarf um breytt viðhorf.“

> **Frá og með næsta sumri mun helmingur okkar tvíhliða sendiráða verða undir forystu kvenna sem segir auðvitað allt sem segja þarf um breytt viðhorf.**

Hún segist alltaf hafa lagt ríka áherslu á kynjajafnrétti á sínum ferli. „Ég upplifði greinilega sem barn að konur væru ósýnilegar í opinbera rýminu, en mig langaði ekki til að vera ósýnileg. Tengslamyndun er einmitt mikilvægur þáttur diplómatastarfsins og krefst sýnileika. Auðvitað var mikil kerfisvörn í gangi, einsleitnin réð ríkjum á kaldastríðsárunum, en sem betur fer einkennist diplómasían af kurteisi og ákveðnum reglum sem gögnuðust kvendiplómötum. Við vorum aldrei sniðgengnar hvað sem leið skoðunum einstaklinga á því hvort konur ættu erindi í þessi störf. Þegar ég kom til starfa í íslenska sendiráðinu í Moskvu á Sovéttímanum, 1979, var aðeins ein önnur kona embættismaður í sendiráðum allra NATO-ríkjanna í Moskvu. Við urðum býsna sýnilegar og urðum vinsælir ræðumenn og ófeimnar við að láta vita af okkur, meðal annars til þess að hvetja aðrar konur til starfa á þessum vettvangi. Ég hef alltaf lagt ríka áherslu á orðatiltækið „að sinna verka njóti hver“ og að konur jafnt og karlar fengju þakkir og viðurkenningu fyrir vel unnin störf.“

Hún segir þakkarviðurkenningu FKA skipta sig miklu máli. „Já, þetta er koss á sálina og ljós inn í lífið. Mér finnst fallegt og víðsýnt að sækja konu úr stjórnarráðinu og veita henni viðurkenningu atvinnulífsins. Fyrir þetta er ég afar þakklát. Þegar erlendir aðilar skoða lönd og meta fjárfestingakostina, er alltaf spurt um regluverkið og hvort stjórnarráðið sé vel vinnandi og óspillt og núorðið er líka spurt um félagslegt réttlæti og um leið jafnrétti kynjanna. Um leið og ég óska þess að fleiri hæfileikaríkar og metnaðargjarnar konur gangi til liðs við atvinnulífið, þá er ég stolt af þeim mörgu öflugu konum sem til jafns við karla bera uppi opinbera þjónustu.“

# Hvetur fleiri konur til að taka þátt

**Helga Valfells, einn stofnenda framtakssjóðsins Crowberry Capital, hlaut í gærkvöldi hvatningarverðlaun FKA. Hún hvetur ungar konar til að vera óhræddar við að fara út fyrir þægindarammann.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Helga segir að sér þyki afar vænt um að fá þessa viðurkenningu. „Maður stofnar ekki fyrirtæki til að fá viðurkenningar en það er gaman að tekið sé eftir því sem maður gerir. Mér þykir líka skipta miklu máli að þessi viðurkenning sé til og að hún sé veitt árlega. Hún hvetur konur almennt til að stíga út fyrir þægindarammann og skapa eitthvað nýtt.“

Helga hefur átt mjög fjölbreyttan og skemmtilegan starfsferil en hún hefur eytt hálfri ævinni erlendis við nám og störf. „Ég flutti til Íslands árið 1999 en hef undanfarin tíu ár einbeitt mér að fjárfestingum í nýsköpun, fyrst hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins (NSA) þar sem ég var framkvæmdastjóri til ársins 2017. Í upphafi árs 2017 hættum við þrjár samstarfskonur hjá NSA og hófum að leggja drögin að stofnun Crowberry Capital sem hóf starfsemi 1. júlí sama ár. Við sáum að við gætum nýtt þá frábæru reynslu sem við fengum hjá NSA betur til að mæta þörfum nýsköpunarsamfélagsins í gegnum einkarekinn sjóð. Crowberry hefur þegar fjárfest í sex flottum tæknifyrirtækjum sem stefna á vöxt á alþjóðamarkaði. Við ætlum svo að halda áfram að fjárfesta í fleiri fyrirtækjum á komandi árum.“



„Ég held líka að við munum sjá hlutfall kvenfrumkvöðla aukast með hærra hlutfalli kvenfjárfesta,“ segir Helga Valfells, einn stofnenda framtakssjóðsins Crowberry Capital, sem hlaut hvatningarverðlaun FKA í gærkvöldi. MYND/ERNIR

### Hvetja til þátttöku

Hún segist hafa lagt mikla áherslu í gegnum tíðina á að fá fleiri konur til að taka þátt í stofnun fyrirtækja og taka þátt í tækni og vísindum. „Heimurinn er í miðri tæknibyltingu og mér finnst mikilvægt að bæði kynin taki þátt í henni. Ekki síður er mikilvægt að konur búi sér til tækifæri til að vera alls staðar í virðiskeðju fjárfestinga.“

Ísland á heimsmet í hlutfalli kvenna sem starfa við fjárfestingar í nýsköpun, að sögn Helgu, en hér á landi eru 47 prósent nýsköpunarfjárfesta konur. Hjá flestum öðrum þjóðum er þetta hlutfall innan við 10 prósent. „Ég held líka að við munum sjá hlutfall kvenfrumkvöðla aukast með hærra hlutfalli kvenfjárfesta. Vonandi verður framtíðin þannig að við munum ekki tala um kvenkyns frumkvöðla eða kvenkyns fjárfesta heldur verður einfaldlega um helmingur þeirra sem vinna í tækni og nýsköpunarumhverfinu konur. Við hjá Crowberry tökum einnig þátt í að stofna samtök evrópskra kvenna í nýsköpunarfjárfestingum. Samtökin leggja áherslu á að hvetja fleiri konur til að taka þátt í nýsköpunarumhverfinu sem frumkvöðlar eða fjárfestar, eða verða hluti af eigendahópnum í gegnum störf sín.“

### Miklar breytingar

Helga segist hafa upplifað miklar breytingar á viðhorfum til kvenna í atvinnulífinu frá því hún fór sjálf út á vinnumarkaðinn. „Þegar ég hóf starfsferil minn voru konur sjaldséðar í stjórnum fyrirtækja og mjög sjaldséðar í framkvæmdastjórn. Ég held að það hafi verið óskrifað viðhorf að konur væru nákvæmar og samviskusamar og mér fannst ég oft fá þannig verkefni. Einnig fannst mér mjög sérstakt viðhorf til kvenna þegar ég vann í fjármálaheiminum í London á tíunda áratugnum. Í ljósi #MeToo-byltingarinnar sé ég núna að margt sem maður sætti sig við þá myndi vonandi ekki líðast í dag.“

> **Heimurinn er í miðri tæknibyltingu og mér finnst mikilvægt að bæði kynin taki þátt í henni.**

Og hún hefur skýr skilaboð til ungra kvenna. „Verið þið sjálfar. Reynið að undirbúa ykkur þannig fyrir lífið að þið fáið tækifæri til að starfa við það sem ykkur langar til að gera. Verið óhræddar við að fara út fyrir þægindarammann því það er stundum meiri áhætta fólgin í því að standa kyrr. Það er gaman að gera gagn og reynum að vera góð við fólk og náttúruna.“

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar til sölu



**FORD F-250 1987 4X4**
V-8 302,flækjur,margt nýtt.,skoðaður 20 verð 790þ uppl. 8205181

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

**JD FLUTNINGAR.**
Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vörufl.,búslóðafl.,sorpuf. og fl. S: 7868899 jdflutningar@jdflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Getum bætt við okkur verkefnum í almennt múrverk- flísalagnir-flotun og fl. Uppl hjá Þórði í s: 618-5286

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Húsnæði í boði

Herbergi í 105 Rvk, til leigu með aðgangi að baði, eldhúsi og þvottahúsi. Einnig studio íbúð á sama stað. Upplýsingar í síma 686 8501.

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Atvinna

### Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

styrmir@heimaas.is merkt "atvinna"

### Atvinna óskast

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

**Heilir gluggar til sölu**
**2 opnanlegir og 1 stór**








Verð aðeins 130 þús fyrir allt saman.
Upplýsingar í síma 860 0662, Einar

# SJÁÐU VERÐIN!



**TOYOTA Yaris**. Árgerð 2016 ekinn 120 Þ.KM bensín 5 gírar. **Tilboðsverð kr 990.000.-** ásett verð/skiptiverð kr 1.290.000.- Rnr.106466.



**TOYOTA Yaris**. Árgerð 2016, ekinn 127 Þ.KM bensín 5 gírar. **Tilboðsverð kr 990.000.-** ásett/skiptiverð kr 1.360.000.- Rnr.106359.



**SUZUKI Vitara 4x4**. Árgerð 2016 ekinn 145 Þ.KM bensín 5 gírar. **Tilboðsverð kr 1.790.000.-** ásett/skiptiverð kr 1.990.000.- Rnr.106481.



**SUZUKI Grand vitara**. Árgerð 2014, ekinn 152 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Tilboðsverð kr 1.490.000.-** ásett verð kr 1.650.000.- Rnr.130044.



**HYUNDAI I30.** Árgerð 2017, ekinn 61 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Tilboðsverð kr 1.690.000.-** ásett verð kr 2.250.000.- Rnr.106357.



**FIAT Tipo**. Árgerð 2017, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Tilboðsverð kr 1.490.000.-** ásett verð kr 1.890.000.- Rnr.106350.



**DACIA Duster cdi 4x4**. Árgerð 2016, ekinn 155 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Tilboðsverð kr 1.190.000.-** ásett verð kr 1.790.000.- Rnr.106486.



**DACIA Duster cdi 4x4**. Árgerð 2016, ekinn 151 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Tilboðsverð kr 1.190.000.-** ásett verð kr 1.790.000.- Rnr.106485.



**DACIA Duster.** Árgerð 2016, ekinn 118 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Tilboðsverð kr 1.290.000.-** ásett verð kr 1.490.000.- Rnr.106360.



**DACIA Duster.** Árgerð 2015, ekinn 152 ÞKM dísel 6 gírar. **Tilboðsverð kr 990.000.-** ásett/skiptiverð verð kr 1.490.000.- Rnr.106361.

BRAUT BÍLASALA

**Braut Bílasala • Bíldshöfða 3**
**110 Reykjavík • 587 6600**
**www.bilabraut.is**

BRAUT BÍLASALA

**Vetrardekk fylgja öllum bílum.**


CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs
Gullnáman
BOLTINN Í BEINNI
LEIKIR HELGARINNAR
LAUGARDAGUR
12:30 Tottenham - Newcastle
SUNNUDAGUR
14:00 Leicester - Man.Utd.
16:30 Man.City - Arsenal
Boltatilboð
LIFANDI TÓNLIST
RÚNAR ÞÓR & TRAP
Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00
HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19
FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS


Þú finnur draumastarfið á
job.is
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g




**129** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka




**398** kr. 250 ml

**Íslandsnaut Bernaissósa**
250 ml

**ÍSLENSKT** Grísakjöt




**1.498** kr. kg

**Ali Grísalundir**
Uppþítt

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**

**TAKMARKAÐ MAGN**




**98** kr. 190 g

**Pringles Sausage & Bacon**, 190 g
**Pringles Prosecco & Peppercorn**, 190 g

**217 kr.** dósin*




**5.198** kr. kassi

**Nocco Caribbean Kassi**
24 x 330 ml, 105 eða 180 mg koffín
*217 kr. dósin ef keyptur er kassi

**ÍSLENSK** framleiðsla




**195** kr. 2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**LAGERHREINSUN**
Vara hættir




**50% afsláttur**

**480** kr. pk.

**Euro Shopper bleiur**
Midi, 4-9 kg, 56 stk.
Maxi, 9-18 kg, 50 stk.
Junior, 15-25 kg, 44 stk.
Verð áður 959 kr.




**3.998** kr. pk.

**Gillette Fusion 5**
Rakvél og 11 blöð




**198** kr. 300 ml

**Gillette Rakfroða**
Sensitive Skin, 300 ml




**2.998** kr. stk.

**Protis Kollagen**
120 hylki




**3.198** kr. stk.

**Protis Liðir**
240 hylki

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**




**229** kr. stk.

**Nutra C vítamín**
20 stk. freyðitöflur, 3 teg.




**598** kr. stk.

**Bónus Lýsisperlur**
300 stk.




**698** kr. 500 ml

**Bónus Þorskalýsi**
500 ml

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

ALLAR VÖRUR FÁST EINNIG Á
www.smartboutique.is
Kringlan, 1. hæð, sími 551 1040

Smart Boutique
Kringlan • www.smartboutique.is

SENDUM FRÍTT
Á NÆSTA PÓSTHÚS NÆRRI ÞÉR

*Við erum flutt í stærstu og bestu verslunarmiðstöðina á Íslandi*

Kringlan



# Sverrir Ingi fer frá Rússlandi í toppbaráttuna í Grikklandi

Sverrir Ingi Ingason skrifaði í gær undir samning við gríska félagið PAOK. Þangað kemur hann frá rússneska liðinu Rostov. Sverrir Ingi er að fara úr liði sem var í seilingarfjarlægð frá toppbaráttu í lið sem á sigurinn nokkuð vísan í grísku efstu deildinni. Þetta er fimmta erlenda liðið sem Sverrir leikur með á ferli sínum.

**FÓTBOLTI** Sverrir Ingi Ingason, landsliðsmaður í knattspyrnu, varð í gær fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til þess að skrifa undir samning hjá gríska félaginu PAOK. Sverrir Ingi er á leið til gríska liðsins frá Rússlandi þar sem hann hefur leikið með Rostov síðasta eitt og hálfa árið. Þar áður hafði hann leikið með Breiðabliki, Augnabliki, norska liðinu Viking Stavanger, Lokeren í Belgíu og spænska liðinu Granada.

Þessi öflugi miðvörður er að fara í lið sem er í afar góðri stöðu í baráttunni um gríska meistaratitilinn, en liðið trónir á toppi grísku efstu deildarinnar með 50 stig eftir 18 umferðir og hefur átta stiga forskot á Olympiakos sem er í öðru sæti þegar 12 umferðir eru eftir af deildinni.

PAOK hefur tvisvar orðið grískur meistari, en liðið vann síðast meistaratitilinn þar í landi fyrir 34 árum, eða árið 1985, og þar áður árið 1976. Liðið varð í öðru sæti á síðasta keppnistímabili, en hefur gengið skrefinu lengra á þessari leiktíð. PAOK hefur hins vegar verið sigursælt í gríska bikarnum undanfarin ár, en liðið hefur unnið bikarkeppnina sex sinnum alls, þar af síðustu tvær leiktíðir.

Félagið komst hins vegar í kastljósið síðasta haust á miður skemmtilegum nótum, en þá var eigandi félagsins, grísk-rússneski viðskiptajöfurinn Ivan Savvidis, óánægður með dómgæsluna í leik liðsins og vatt sér inn á völlinn eftir leik með skammbyssu í slíðri. Þá hefur hann verið sakaður um ýmislegt fjármálamisferli á viðskiptaferli sínum.



Sverrir Ingi Ingason verður fyrsti íslenski leikmaðurinn til þess að leika með gríska liðinu PAOK. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

» PAOK trónir á toppi grísku efstu deildarinnar en liðið er með átta stiga forystu á Olympiakos sem situr í öðru sæti.

Það er vonandi að Savvidis verði ánægður með dómgæsluna það sem eftir lifir leiktíðar.

Sverrir Ingi er þarna að feta í fótspor leikmanna á borð við Sigurð Grétarsson, Arnar Grétarsson, Ríkharð Daðason, Helga Sigurðsson, Einar Þór Daníelsson, Eið Smára Guðjohnsen, Elfar Frey Helgason, Alfreð Finnbogason, Arnór Ingva Traustason og Ögmund Kristinsson sem leikur þessa stundina með Larissa. Fyrrgreindir leikmenn hafa allir verið á mála hjá grískum liðum í gegnum tíðina.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Tindastóll - KR 88-91**
**Stigahæstir:** Tindastóll: Urald King 24, Michael Ojo 17, Pétur Rúnar Birgisson 14. KR: Jón Arnór Stefánsson 34, Julian Boyd 26.

**Valur - Grindavík 100-96**
**Stigahæstir:** Valur: Dominique Rambo 23, Ragnar Nathanaelsson 18, Aleks Simeonov 16, Grindavík: Sigtryggur Arnar Björnsson 25, Ólafur Ólafsson 18.

**Þór Þ. - Stjarnan 79-98**
**Stigahæstir:** Þór Þ.: Nicolas Tomsick 19, Kinu Rochford 18, Halldór Hermannsson 17. Stjarnan: Antti Kanervo 22, Ægir Steinarsson 19, Colin Pryor 15, Brandon Rozzell 15.

**Keflavík - ÍR 102-70**
**Stigahæstir:** Keflavík: Michael Craion 20, Gunnar Ólafsson 19, Hörður Axel Vilhjálmsson 17. ÍR: Kevin Capers 22, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 17, Gerald Robinson 15.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Njarðvík | 26 | Grindavík | 14 |
| Tindastóll | 24 | ÍR | 14 |
| Stjarnan | 24 | Haukar | 12 |
| KR | 22 | Valur | 10 |
| Keflavík | 20 | Skallagrímur | 4 |
| Þór Þ. | 16 | Breiðablik | 2 |

## Heimir fékk góðan liðsstyrk

**FÓTBOLTI** Lokað var fyrir félagaskipti hjá knattspyrnufélögum víðs vegar um heiminn í gærkvöld. Sveinn Aron Guðjohnsen skipti um lið á Ítalíu, en hann fór á láni frá B-deildarliðinu Spezia til C-deildarliðsins Ravenna.

Heimir Hallgrímsson styrkti framlínu sína umtalsvert með því að fá til liðs við sig Filbeinstrendinginn Wilfried Bony, en hann kom á lánssamningi frá velska félaginu Swansea City sem leikur í ensku B-deildinni.

Jóhann Berg Guðmundsson, Aron Einar Gunnarsson og Alfreð Finnbogason fengu nýja liðsfélaga. Enski framherjinn Peter Crouch samdi við Burnley, Leandro Bacuna gekk til liðs við Cardiff City og hinn ungi enski miðvallarleikmaður West Ham Reece Oxford fór til Augsburg. **– hó**



# Valur lætur sig dreyma um sæti í úrslitakeppni



Valur lagði Grindavík að velli í 16. umferð Domino's-deildar karla í körfubolta í Origo-höllinni í gærkvöldi. Dominique Rambo var stigahæstur hjá Val með 23 stig. Lewis Clinch Jr. náði sér hins vegar ekki á strik hjá Grindavík. Valur er fjórum stigum frá sæti í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



MUNICH, GERMANY - JANUARY 16: Olafur Gudmundsson of Iceland

## Vranjes þjálfar Íslendingaliðið

**HANDBOLTI** Ljubomir Vranjes var í gær kynntur til leiks sem nýr þjálfari karlaliðs Kristianstad í handbolta. Frá þessu var greint á Twittersíðu félagsins.

Hann tekur við liðinu af Ola Lindgren sem lét af störfum skömmu eftir áramótin. Vranjes var látinn taka pokann sinn sem þjálfari ungverska liðsins Veszprém og ungverska karlalandsliðsins í handbolta síðasta haust, en er nú kominn aftur í slaginn í þjálfarabransanum.

Með Kristianstad leika íslensku landsliðsmennirnir Ólafur Andrés Guðmundsson, sem er fyrirliði sænska liðsins, Arnar Freyr Arnarsson, sem er raunar að fara til danska liðsins GOG í sumar, og Selfyssingurinn Teitur Örn Einarsson.

Vranjes tekur við liði sem hefur orðið bæði deildar- og landsmeistari í Svíþjóð síðustu fjögur keppnistímabil og trónir á toppi sænsku efstu deildarinnar eins og stendur. – **hó**






✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Sigmarsdóttir**

lést að morgni 29. janúar á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.30.

**Sveinn Bjarnason** — **Alda Benediktsdóttir**
**Björg Bjarnadóttir**
**Sigmar Bergvin Bjarnason** — **Þóra Berg Jónsdóttir**
**Alma Bjarnadóttir Perrone** — **Antonio Perrone**
**Bjarni Bjarnason** — **Margrét Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir mín,

**Steinunn Sigurðardóttir**
fyrrv. flugfreyja,

lést á Landspítalanum laugardaginn 26. janúar síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.00.

**Gunnar Þór Sigþórsson**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar kæru

**Laufeyjar Eiríksdóttur**
Blikaási 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fá allir þeir sem önnuðust hana, gerðu líf hennar auðveldara og ekki síst skemmtilegra.

**Arnþrúður Þórðardóttir**
**Eiríkur Bj. Barðason**
**Gustav Þór**
**Álfhildur**
**Árni Þór**
**Andrea Helga**
**og aðrir ástvinir.**



✝

**Anna Gunnlaug Eggertsdóttir**
Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

lést á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi miðvikudaginn 30. janúar sl. Hún verður sungin til moldar frá Áskirkju kl. 15 fimmtudaginn 7. febrúar.

**Magnea Jóhannsdóttir** — **Sölvi Sveinsson**
**Eggert Jóhannsson**
**Friðrik Jóhannsson** — **Hildur Guðnadóttir**
**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Jóhanna Jóhannsdóttir** — **Kjartan R. Guðmundsson**
**Ingibjörg Jóhannsdóttir** — **Einar Falur Ingólfsson**
**Þórný Jóhannsdóttir** — **Peter Lund**
**barnabörn, barnabarnabörn, systkin og aðrir vinir og vandamenn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Gunnarsdóttir**

lést föstudaginn 18. janúar 2019 að sambýlinu Roðasölum 1, Kópavogi. Sálumessa verður í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00.

**Baldur Hermannsson** — **Jóna I. Guðmundsdóttir**
**Helgi Torfason** — **Ella B. Bjarnarson**
**Anna G. Torfadóttir** — **Gunnar J. Straumland**
**Flosi Þorgeirsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



Börnin í Lundarskóla tóku málin í eigin hendur á dögunum og hentu nánast engum mat í heila viku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Minnkuðu matarsóun um fimmtíu kíló á dag

**Nemendur Lundarskóla á Akureyri fóru í átaksverkefni um matarsóun sem leiddi af sér að þau hentu nánast engum mat í heila viku. Mikilvægt að fræða nemendur um matarsóun sem umhverfismál, segir skólastjóri Lundarskóla.**

Nemendur Lundarskóla á Akureyri minnkuðu matarsóun sína um nærri fimmtíu kíló á dag með fræðslu kennara og starfsfólks. Var þetta liður í því að fræða börnin um matvæli í upphafi árs.

Í janúar hófst þemaverkefni í Lundarskóla um matvæli og umhverfismál. Ljóst er að Vesturlandabúar henda gríðarlega miklu magni af mat á degi hverjum og ef hægt er að sporna við því og nýta matinn betur er hægt að draga úr of mikilli neyslu og þar með of miklum þungaflutningum í heiminum.

„Við vorum í rauninni að skoða matinn okkar í víðum skilningi. Hvernig hann kemur á diskinn til okkar og hvaðan hann í rauninni kemur og þá hvert vistspor mismunandi matvæla er. Matarsóun var svo einn liður í því hvernig við förum með þessi verðmæti. Síðan reyndum við að ræða þetta við börnin út frá því á hvaða aldri þau eru," segir Elías Gunnar Þorbjörnsson, skólastjóri Lundarskóla.



Elías Gunnar Þorbjörnsson, Skólastjóri Lundarskóla.

„Síðan ákváðum við að fara í smávegis leik með börnunum. Í samstarfi við starfsfólk mötuneytis þá mældu starfsmenn hversu mikil matarsóun var hjá hverjum árgangi fyrir sig. Það er skemmst frá því að segja að matarsóunin varð í rauninni engin hjá börnunum sem er frábært," segir Elías Gunnar.

Losun gróðurhúsalofttegunda og hlýnun jarðar er líkast til það sem þessum hópi fólks, grunnskólanemum landsins, stafar hvað mest ógn af í framtíðinni þegar þau verða á fullorðinsaldri. Breytt hugsun um verðmæti er einn liður í því að stemma stigu við hlýnun jarðar.

„Áður hafði sú hugsun verið algeng að þau væru nú búin að borga fyrir matinn og því skipti ekki máli þó þau hentu honum í ruslið. Nú hins vegar höfðu þau frekar hugsað um þetta sem ákveðin verðmæti sem ekki ættu að fara til spillis. Við erum nokkuð ánægð með þessa tilraun okkar og gaman að sjá börnin taka svona vel við fræðslunni," bætir skólastjórinn við. sveinn@frettabladid.is



✝

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,

**Róberts Róbertssonar**
vörubifreiðarstjóra
frá Brún, Biskupstungum,
Grænumörk 2, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi fyrir einstaka umönnun, nærgætni og hlýju. Vörubifreiðastjórafélaginu Mjölni eru færðar bestu þakkir fyrir stuðning á síðastliðnum mánuðum og aðstoð við útför.

**Bryndís Guðrún Róbertsdóttir**
**Anna Rósa Róbertsdóttir** — **Tómas Luo Shunke**
**Róbert Sveinn Róbertsson** — **Þórunn María Bjarkadóttir**
**Álfgeir A. Önnuson,**
**Bjarki Fannar og Birkir Róbert Róbertssynir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma.

**Guðrún Jónína Einarsdóttir**
(Nína)
Kirkjuvegi 5, Reykjanesbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudagskvöldið 24. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Loftur Eðvarð Pálsson**
**Einar M. Þórðarson** — **Helga Sigurðardóttir**
**Viktor Rúnar Þórðarson** — **Hrafnhildur Ósk Sigurðardóttir**
**Viktoría Loftsdóttir** — **Ómar Guðmundsson**
**Guðbjartur Páll Loftsson** — **Lára Ottesen**
**Eðvarð Eyberg Loftsson** — **Þórey Guðný Marinósdóttir**
**Sigrún Signý Loftsdóttir**
**Guðrún Loftsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**


SEGJUM NEI
VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI
HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK
Neutral
HAND WASH
0% parabens
0% colorants
0% perfume
Neutral®
HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Norðlæg átt, víða 3-8 m/s en 15-20 við SA-ströndina, hægir er líður á daginn. Snjókoma eða él um landið norðanvert, dregur úr úrkomu síðdegis. Frost 2 til 16 stig, kaldast í innsveitum og kólnar enn frekar undir kvöld.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -5° | -11° | -12° |
| 6 | 2 | 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -12° | -6° | -13° |
| 5 | 6 | 5 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -4° | -7° |
| 6 | 3 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -3° | -2° | -8° |
| 9 | 10 | 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. brotsjór
5. umfram
6. undan
8. veifa
10. átt
11. fiskur
12. bréfspjald
13. grastegund
15. þunguð
17. slagorð

**LÓÐRÉTT**
1. hlandfor
2. gola
3. keyra
4. blandar
7. bréfasími
9. glappaskot
12. stilltur
14. bókstafur
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 skafl, 5 auk, 6 af, 8 flagga, 10 na, 11 lax, 12 kort, 13 reyr, 15 ófrísk, 17 frasi.
**LÓÐRÉTT:** 1 safnþró, 2 kula, 3 aka, 4 lagar, 7 faxtæki, 9 gloria, 12 kyrr, 14 eff, 16 ss.

## Skák Gunnar Björnsson

Stórmeistarinn Jón L. Árnason (2.432) átti leik gegn Jóhanni Ingvasyni (2.175) á Skákhátíð MótX í fyrradag.

Hvítur á leik



**24. Rc6+! Hxc6 25. bxc6 Dxc6 26. Db5 Hxb5 27. Hxb5** og stórmeistarinn hafði sigur í 56 leikjum. Í skákdálki gærdagsins láðist að nefna nafn Baldurs A. Kristinssonar yfir þá sem voru í skiptu öðru sæti. Hjörvar Steinn Grétarsson er efstur á Skákþingi Reykjavíkur og Guðmundur Kjartansson í öðru sæti.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Hádramatísk fjölskyldusaga**
**Ragna Fossberg** förðunarmeistari er hætt á RÚV eftir nær hálfrar aldar starf þar. Í viðtali rekur hún fjölskyldusögu sem er sneisafull af dramatík.

**Snyrtivörumarkaðurinn eins og villta vestrið**
Síðustu ár hefur orðið vakning hvað varðar **heilsuspillandi** og **skaðleg** efni í snyrtivörum. Flóknar innihaldslýsingar vefjast fyrir neytendum.



**Skilur ekki verk sín**
Ég hef engan áhuga á að spegla samfélagið, segir myndlistarmaðurinn **Ragnar Kjartansson** sem sýnir í i8. Sjálfur segist hann ekki skilja verk sín.

**Super Bowl**
Stærsti íþróttaviðburður Bandaríkjanna á sér stað um helgina. Úrslitaleikur NFL-deildarinnar í **Ofurskálinni**.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

GAR! LOKADAGAR! LOKADA

# ÚTSALA!

*Allt að*

# 60%

*Afsláttur*

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



„Áhorfandinn túlkar svo verkin allavega og það finnst mér skemmtilegt,“ segir Marta María. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ein hver vá eða undirliggjandi hætta

**Marta María Jónsdóttir sýnir fimmtán málverk í Hafnarborg. Vinnur með fínar litabreytingar og nálæga litatóna.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Umrót er heiti á málverkasýningu Mörtu Maríu Jónsdóttur sem nú stendur yfir í Hafnarborg. „Á sýningunni eru fimmtán málverk sem mynda eina heild og skiptast í smærri verk og þrjú stærri verk,“ segir listakonan. „Smærri verkin eru óhlutbundin og framhald af því sem ég hef verið að vinna áður en ég vinn mikið með tengsl teikningar og málverks. Eins og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, sem skrifaði textann í sýningarskrána, sagði þegar hann skoðaði verkin: Þetta er eins og teiknuð málverk.

Ég vinn mikið með ómálaða fleti sem byggja upp myndflötinn og virka sem grunnstoðir málverkanna, ásamt litum, strokum, línum og formum. Þessir tómu fletir geta vísað í þagnir í tónlist, tómið, óendanleikann og hinar ýmsu víddir. Litir skipta miklu máli í verkum mínum og stjórna ferðinni í nokkrum mæli. Ég vinn verkin yfirleitt á gólfi og oft vinn ég mörg verk í einu.“

**Daðrað við rómantískt landslag**

Stærri verkin á sýningunni eru nokkuð ólík þeim minni. „Þau stærri, sérstaklega tvö þeirra, daðra við rómantískt landslag án þess að það sé fígúratíft. Í þeim er meiri fantasía, jafnvel dystópía. Þetta er svolítið nýtt fyrir mér og ég er að reyna að átta mig á því hvernig ég ætla að vinna það áfram,“ segir Marta María og bætir við: „Sýningin er lágstemmd og litirnir eru nokkuð nálægt litunum í striganum. Ég hef gaman af að vinna með fínar litabreytingar og nálæga litatóna. Um daginn gekk ég með nemendahópi um sýninguna og einn nemandi sagði: Það er kyrrð og ró í myndunum, mér fannst það áhugavert.“

Þar sem sýningin heitir Umrót er listakonan spurð hvort kyrrðin sé þá bara á yfirborðinu. „Það er vottur af ókyrrð í myndunum, augnablik þegar eitthvað er að myndast en er á sama tíma að hverfa. Það var slíkt umrótsástand sem ég hafði í huga. Það er einhver vá eða undirliggjandi hætta. Áhorfandinn túlkar svo verkin allavega og það finnst mér skemmtilegt.“

> **ÞAÐ ER VOTTUR AF ÓKYRRÐ Í MYNDUNUM, AUGNABLIK ÞEGAR EITTHVAÐ ER AÐ MYNDAST EN ER Á SAMA TÍMA AÐ HVERFA.**

**Allt varð nákvæmara**

Marta María nam myndlist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk meistaragráðu í myndlist frá Goldsmiths College í London og diplómanámi í hreyfimyndagerð frá London Animation Studio. Spurð hvort áhrifa frá hreyfimyndanáminu megi finna í myndlist hennar segir hún: „Ég hugsaði námið í hreyfimyndagerð sem praktíska leið til að finna mér skemmtilegt starf. Námið var mjög krefjandi og skapandi. Þar var ég látin teikna stanslaust í sex mánuði, þetta var besta teiknikennsla sem ég hef nokkurn tíma farið í og það hefur eflaust haft áhrif á það hvernig ég mála. Allt varð nákvæmara en hreyfingin í línunni og fantasíuhugmyndir eru einnig eflaust þaðan.“



Eitt af málverkunum á sýningunni heitir Umrót, sem er líka heiti sýningarinnar.

Fram undan hjá Mörtu Maríu er samsýning með Kristínu Elvu Rögnvaldsdóttur. „Við ætlum að sýna í Gallerii Gróttu á Seltjarnarnesi í vor og þar verður áhersla á ný verk á pappír, teikningar og málverk,“ segir hún.

BÆJARBÍÓ

kynnir hið goðsagnakennda tímamótaverk

# HORFT Í ROÐANN

## Jack Magnet

flytur loks verkið í fullri lengd á sviði ásamt einvalaliði tónlistarmanna.
Eyþór Gunnarsson, Guðmundur Pétursson, Róbert Þórhallsson og Þorvaldur Þór Þorvaldsson



| | | |
|---|---|---|
| Bæjarbíó | Laugardaginn 16.mars | kl. 20:30 |

Þessi dulúðuga og stórmerkilega fyrsta breiðskífa Stuðmannsins fjölhæfa, Jakobs Frímanns Magnússonar, hlaut á sínum tíma einróma lof gagnrýnenda, seldist upp og hefur hvergi verið fáanleg um árabil - nema handan móðunnar miklu.

**Miðasala hefst í dag kl. 12:00 á midi.is**

midi.is HAFNARFJÖRÐUR prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 1. FEBRÚAR 2019

### Viðburðir

**Hvað?** RIG – Brekkusprettur
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Skólavörðustígur
Útsláttarkeppni í brekkusprettum á upphituðum Skólavörðustíg. Keppendum er raðað í tveggja manna ráshópa sem ræsa hver á eftir öðrum og sigurvegari hvers ráshóps fer áfram í næstu umferð. Keppt er í karla- og kvennaflokki. Keppni heldur áfram þar til að eftir standa sigurvegarar í báðum flokkum.

**Hvað?** Late night shopping
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Barnaloppan, Skeifunni 11d
Það verður „late night shopping“ í Loppunni í kvöld. Taktu endilega kvöldið frá, búðareigendur lofa stuði og stemningu.

**Hvað?** Hjarta – Hugur – Heilsa – ráðstefna fyrir konur
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Harpa
Við höldum upp á 10 ára afmæli vitundarvakningar um hjartasjúkdóma kvenna, GoRed, í samvinnu við 1.6 fyrir heilbrigði kvenna á Íslandi og efnum til ráðstefnu fyrir konur í Silfurbergi í Hörpu. Fjallað verður um hjartasjúkdóma kvenna á öllum aldri m.a. tengt krabbameini og álagi, konur deila með ykkur sögum um áskoranir og áföll sem eru vel þekkt í nútímasamfélaginu á borð við kulnun.

**Hvað?** Verslunin Curvy opnuð
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Hreyfilshúsið, Grensásvegi
Verslunin Curvy ætlar að færa sig um set og opnar stærri og betri verslun í Hreyfilshúsinu við Grensásveg. Opnað verður á slaginu 11 með flottum opnunartilboðum og svo eftir klukkan 16 hefst skemmtileg dagskrá með góðum gestum sem gleðjast.

**Hvað?** FótboltaPubQuiz með Heimi Guðjóns & Bangsa
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Ölhúsið, Hafnarfirði
Ölhúsið í samvinnu við Stella Artois kynnir: FótboltaPubQuiz í Ölhúsinu: Nú ætlum við að skella í fótbolta pubquiz, föstudaginn 1. febrúar þar sem spurt er um allt milli himins og jarðar úr heimi hinnar fallegu íþróttar. Spyrlar að þessu sinni eru Bangsi Bestaskinn og sjálfur Kóngurinn í Færeyjum og einn sigursælasti þjálfari íslenskrar knattspyrnusögu, sjálfur Heimir Guðjóns, þjálfari HB í Færeyjum. Lög og reglur eru einfaldar. 14 upplesnar spurningar, 16 myndaspurningar. Stranglega er bannað að notast við síma eða önnur „svindltól“. Tilboð á Stella fyrir og eftir Quiz.

### Tónlist

**Hvað?** S.A.D. Festival
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma
Red Bull Music kynnir: S.A.D.* Festival. Nú er loksins tækifæri til að létta á skammdegisþunglyndinu föstudaginn 1. febrúar á skemmtistaðnum Paloma þar sem rjómi íslensku hipphoppsenunnar kemur fram. Flóni, Alvia, Cyber, Elli Grill, Ragga Holm, og fleiri munu bjóða upp á móteitur við depurð vetrarins og svar við sorginni á þessum dimma tíma árs. Komdu og fagnaðu angistinni, drekktu í þig D-vítamínbætta drykki á barnum og dansaðu til að gleyma. Það verður ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** TunglÁrslokatónleikarnir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** American Bar
Hljómsveitin 2007 hefur ákveðið að fresta áramótunum til 5. febrúar næstkomandi. Síðasti föstudagur fyrir áramótin er því 1. febrúar og því verða TunglÁrslokatónleikar þann dag á hinum frábæra American Bar.



**Hvað?** Munstur í Kvartýru
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kvartýra, Laugavegi 49
Listamaður mánaðarins. Hljómsveitin/fjöllistatvíeykið Munstur mun leika lög af plötunni M M M M. Þetta verða engir venjulegir tónleikar, þannig að ekki sitja heima. Skelltu þér. Endilega undirbúðu þig og hlustaðu á Gulu bogagöngin þar sem akkúrat þessi sama plata er til umfjöllunar.

**Kóngurinn Bjartmar Guðlaugsson verður í Bæjarbíói í kvöld. Einstakur tónlistarmaður.**

**Hvað?** Bjartmar Guðlaugsson í Bæjarbíói
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó
Bjartmar Guðlaugsson er flestum að góðu kunnur fyrir tónlist sína en hann hefur samið ógrynni af þekktum lögum sem hafa lifað með þjóðinni í áratugi. Eitt fremsta skáld okkar sem skapað hefur karaktera eins og Sumarliða sem er fullur, tjáð hug týndu kynslóðarinnar, léð afneitun alkans rödd, strokið ástinni með því að týna tímanum og svo mætti endalaust telja áfram. Hann mun flytja öll sín bestu lög í Bæjarbíói. Það ætti enginn að láta þessa frábæru kvöldstund fram hjá sér fara.

**Hvað?** Ólafur Stefánsson – Veruleikur Gleymnu Óskarinnar.
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22
Ólafur Stefánsson handboltakappi: Veruleikur Gleymnu Óskarinnar og hver faðmar Guð?

**Hvað?** Opnunargleði Yoga Shala
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Yoga Shala, Skeifunni 7
Yoga Shala Reykjavík hefur á undanförnum mánuðum unnið að stækkun stöðvarinnar á hæðinni fyrir neðan. Nú er komið að því að fagna þessum nýja áfanga og er þér boðið á opnunarathöfn föstudaginn 1. febrúar frá kl. 16-21. Verið innilega velkomin að til okkar í Skeifuna 7. Við bjóðum upp á sérstök opnunartilboð á kortum þennan dag ásamt léttum veitingum.

**Hvað?** Föstudagslögin
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Fish house Grindavík
Stebbi Jak og Andri Ívars mæta. Dúndur hressir eftir gott jólafrí. Er ekki málið að skella sér í góðan mat og góða tónlist?

**Hvað?** Einar Ágúst
**Hvenær?** 23.55
**Hvar?** Ölstofa Hafnarfjarðar
Meistari Einar Ágúst mætir til okkar á föstudagskvöldið með gítarinn að vopni og heldur uppi stuðinu með skotheldu prógrammi fram eftir nóttu! Sjáumst með fulla vasa!


## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. 03.02 | kl. 13:00 | U | Sun. 24.02 | kl. 16:00 | U | Sun 24.03 | kl. 13:00 | U | Sun 14.04 | kl. 16:00 | Ö |
| Sun. 03.02 | kl. 16:00 | U | Sun. 03.03 | kl. 13:00 | U | Sun 24.03 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | Ö |
| Sun. 10.02 | kl. 13:00 | U | Sun 03.03 | kl. 16:00 | U | Sun 31.03 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | Ö |
| Sun.10.02 | kl. 16:00 | U | Sun 10.03 | kl. 13:00 | U | Sun 31.03 | kl. 16:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | Au |
| Sun. 17.02 | kl. 13:00 | U | Sun 10.03 | kl. 16:00 | U | Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | Ö |
| Sun. 17.02 | kl. 16:00 | U | Sun 17.03 | kl. 13:00 | U | Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | | | |
| Sun 24.02 | kl. 13:00 | U | Sun 17.03 | kl. 16:00 | U | Sun 14.04 | kl. 13:00 | Ö | | | |



### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 01.02. | kl. 19:29 | U | Lau. 09.02 | kl. 19:30 | U | Fös. 22.02 | kl 19:30 | Ö | Lau. 08.03 | kl 19:30 | Ö |
| Lau. 02.02. | kl. 19:30 | U | Fös. 15.02 | kl. 19:30 | Ö | Lau. 23.02 | kl. 19:30 | Ö | | | |
| Fös. 08.02 | kl. 19:30 | U | Lau. 16.02 | kl. 19:30 | U | Lau. 02.03 | kl. 19:30 | U | | | |



### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið 27.02 | kl. 19:30 | F | Fim. 07.03 | kl. 19:30 | Ö | Fös. 22.03 | kl. 19:30 | Ö | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | |
| Fim. 28.02 | kl. 19:30 | F | Fös. 15.03 | kl. 19:30 | Ö | Lau.30.03 | kl. 19:30 | Ö | | | |
| Fös. 01.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 16.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | | | | |



### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.02 | kl. 15:00 | U | Fös 15.02 | kl. 18:00 | U | Lau 02.03 | kl. 15:00 | U | Sun. 17.03 | kl. 15:00 | U |
| Fim 07.02 | kl. 18:00 | U | Lau 16.02 | kl. 15:00 | U | Lau 02.03 | KL. 17:00 | U | Sun. 17.03 | kl. 17:00 | U |
| Fös 08.02 | kl. 18:00 | U | Fim 21.02. | kl. 18:00 | U | Fös. 08.03 | kl. 18:00 | Ö | Lau 23.03 | kl 15:00 | U |
| Lau 09.02 | kl. 15:00 | U | Lau 23.02 | kl. 15:00 | U | Lau 09.03 | kl. 15:00 | U | Lau 23.03 | Kl. 17:00 | Ö |
| Fim 14.02 | kl. 18:00 | U | Fös 01.03 | kl. 18:00 | U | Lau 09.03 | Kl. 17:00 | U | | | |



### Súper
Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 | kl. 19:30 | U | Fös. 22.03 | kl. 19:30 | U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | Ö |
| Mið. 20.03 | kl. 19:30 | U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 | U | Lau 06.04 | kl. 19:30 | U | | | |
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | Ö | | | |



### Velkomin heim
Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 01.02. | kl. 19:30 | U | Sun. 03.02 | kl 19:30 | U | sun. 10.02 | kl. 19:30 | Ö | Lau. 16.02 | kl. 19:30 | |
| Lau. 02.02 | kl. 19:30 | U | Lau. 09.02 | kl 19:30 | U | Fös. 15.02 | kl. 19:30 | | Sun. 17.02 | kl. 19:30 | |



### Mið-Ísland
Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 01.02 | Kl. 19.30 | U | Fim. 07.02 | Kl. 19.30 | U | Fim. 14.02 | kl. 19:30 | U | Lau. 16.02 | Kl. 22.00 | U |
| Fös. 01.02 | Kl. 22.00 | U | Fös 08.09 | kl. 19:30 | U | Fös. 15.02 | kl. 19:30 | U | | | |
| Lau. 02.02 | Kl. 19.30 | U | Lau 09.02 | kl. 19:30 | | Fös. 15.02 | Kl. 22.00 | Ö | | | |
| Lau. 02.02 | Kl. 22.00 | U | Lau 09.02 | Kl. 22.00 | | Lau. 16.02 | kl. 19:30 | U | | | |



### Improv
Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 06.02 | kl. 20:00 | Mið. 20.02 | kl. 20:00 | Mið. 06.03 | kl. 20:00 |
| Mið 13.02 | kl. 20:00 | Mið. 27.02 | kl. 20:00 | Mið. 13.03 | kl. 20:00 |



### Bara góðar
Leikhúskjallarinn

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 03.02 | kl: 20:00 | U | Sun. 17.02 | kl. 20:00 | Ö |

## Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 15.02 | Kl 19:00 | U | Fös 22.03 | Kl. 19:00 | U | Sun 31.03 | Kl 19:00 | U | Fös 12.04 | Kl. 19:00 | U |
| Lau 16.03 | Kl. 19:00 | U | Lau 23.03 | Kl 19:00 | U | Mið 03.04 | Kl. 19:00 | U | Lau 13.04 | Kl 13:00 | U |
| Sun 17.03 | Kl 19:00 | U | Sun 24.03 | Kl. 19:00 | U | Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Sun 14.04 | Kl. 19:00 | Ö |
| Mið 20.03 | Kl. 19:00 | U | Mið 27.03 | Kl 19:00 | U | Sun 07.04 | Kl. 19:00 | U | Þri 16.04 | Kl 19:00 | Ö |
| Fim 21.02 | Kl 19:00 | U | Fim 28.03 | Kl. 19:00 | U | Mið 10.04 | Kl 19:00 | Ö | Mið 24.04 | Kl. 19:00 | Ö |



### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 01.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 07.02 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 16.02 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 02.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 09.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 03.02 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 15.02 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 23.02 | Kl. 20:00 | Ö |



### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 31.01 | Kl. 20:00 | U | Sun 17.02 | Kl. 20:00 | Ö | Sun 03.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 10.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 21.02 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fös 01.02 | Kl. 20:00 | UL |



### Kvenfólk
Nýja sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 01.02 | Kl. 20:00 | U | Mið 06.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 10.02 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 22.02 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 02.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 08.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 14.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 24.02 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 05.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 09.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 17.02 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 02.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 03.02 | Kl. 20:00 | U |



### Ég dey
Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 03.02 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 07.02 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 15.02 | Kl. 20:00 | Ö |



### Fólk, staðir og hlutir
Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið 13.02 | Kl. 20:00 | U | Mið 20.02 | Kl. 20:00 | U | Mið 27.02 | Kl. 20:00 | U | Mið 06.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fim 14.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 22.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 28.02 | Kl. 20:00 | U | Fim 07.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 15.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 23.02 | Kl. 20:00 | U | Fös 01.03 | Kl. 20:00 | U | Fös 08.03 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 16.02 | Kl. 20:00 | U | Sun 24.02 | Kl. 20:00 | U | Lau 02.03 | Kl. 20:00 | U | | | |



### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | | | |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | | | |




GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tryggð // The Deposit (ENG SUB) | 18:00 | *Fjölskyldufostudagspartísýning! | |
| *Þýskir kvikmyndadagar-German Film Days | | *Men in Black - MIB (ICE SUB) | 20:00 |
| * Mack the Knife (GERMAN W/ENG SUB) | 17:30 | Shoplifters//Búðaþjófar (ICE SUB) | 20:00 |
| * Transit (GERMAN W/ENG SUB) | 18:00 | Diablo (POLISH W/ENG SUB) | 22:15 |
| * In My Room (GERMAN W/ENG SUB) | 20:00 | Damsel (ENGLISH-NO SUB) | 22:20 |
| *Sýndar á þýsku með enskum texta* | | One Cut of the Dead (ICE SUB) | 22:20 |




FARTÖLVUR
ALLT AÐ
26%
AFSLÁTTUR
TÖLVUSKJÁIR
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
LYKLABORÐ OG TÖLVUMÝS
ALLT AÐ
10.000
AFSLÁTTUR
TÖLVUR
ALLT AÐ
40.000
AFSLÁTTUR
HEYRNARTÓL OG HÁTALARAR
ALLT AÐ
35%
AFSLÁTTUR
GAGNAGEYMSLUR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
TÖLVUÍHLUTIR
ALLT AÐ
46%
AFSLÁTTUR
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR.
KLÁRAST UM HELGINA!
STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
PRENTARAR
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
NETBÚNAÐUR
ALLT AÐ
48%
AFSLÁTTUR
tl.is
SKJÁVARPAR
ALLT AÐ
46%
AFSLÁTTUR
SKJÁKORT
ALLT AÐ
20.000
AFSLÁTTUR
TÖLVU
LISTINN

Spurningakeppni framhaldsskólanna




Hefst í sjónvarpi í kvöld kl 19.45

MH og MR mætast í fyrstu viðureign 8-liða úrslita. Bein útsending.



Spurningahöfundar og dómarar eru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.



RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2011-2012** (Reykjavík - Snæfellsbær) e.
**14.05 Úr Gullkistu RÚV.** 91 á stöðinni e.
**14.30 Úr Gullkistu RÚV.** Toppstöðin e.
**15.20 Úr Gullkistu RÚV.** Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni (Ásgeir Trausti) e.
**15.50 Úr Gullkistu RÚV.** Hljómsveit kvöldsins e.
**16.15 Treystið lækninum** (Trust Me, I'm a Doctor III) Fræðandi þættir frá BBC. e.
**17.05 Kamera** (Kamera) Stuttir heimildarþættir um ólíkar tegundir myndavéla í gegnum tíðina. e.
**17.15 Landinn** e.
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Ósagða sagan** (Horrible Histories) Stórskemmtilegir þættir þar sem breskir grínistar sýna okkur þær hliðar á sögunni sem okkur er ekki kennt í skóla.
**18.35 Krakkafréttir vikunnar** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára þar sem litið er yfir það helsta í fréttum liðinnar viku.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Gettu betur** (MR - MH) Bein útsending frá spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra í salnum.
**20.55 Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn fær til sín góða gesti á föstudagskvöldum í vetur.
**21.40 Síðbúið sólarlag** (Hold the Sunset) Gamanþættir frá BBC með John Cleese í einu aðalhlutverkanna. Nágrannarnir Edith og Phil eru komin á eftirlaun og íhuga að hefja saman nýtt líf á erlendri grundu. Áform þeirra fara í vaskinn þegar Roger, ríflega fimmtugur sonur Edith, skilur við konuna sína og flytur aftur inn til móður sinnar.
**22.15 Barnaby ræður gátuna - Látum oss biðja** (Midsomer Murders. Let Us Prey) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham, þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við morðgátu í ensku þorpi. Raðmorðingi virðist sækja innblástur í fresku frá miðöldum sem fannst nýlega í neðanjarðarhvelfingu kirkjunnar í bænum. Leikstjóri: Alex Pillai. Aðalhlutverk: Neil Dudgeon, Gwilym Lee og Fiona Dolman. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.45 True Colors** (Keppinautar) Kvikmynd frá 1991 um vinina Tim og Peter sem fara ólíkar leiðir á framabrautinni eftir að þeir ljúka lögfræðinámi. Tim fær starf hjá dómsmálaráðuneytinu en Peter er staðráðinn í að ná langt í stjórnmálaheiminum og er tilbúinn að gera hvað sem er til að ná markmiði sínu, jafnvel þótt það krefjist þess að hann gangi á svig við lögin. e.
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Family Guy
**14.15** The Biggest Loser
**15.05** Ally McBeal
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** Younger
**19.30** The Biggest Loser
**20.15** The Bachelor
**21.45** Lone Survivor
**23.50** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.35** NCIS
**01.20** NCIS Los Angeles
**02.05** The Walking Dead
**02.50** The Messengers
**03.35** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk Flakk - Flakkað um Kringlureit
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV (233 af 400)
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2

**07.00** Blíða og Blær
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Friends
**08.10** The Middle
**08.30** Brother vs. Brother
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Famous in Love
**10.20** Restaurant Startup
**11.05** Arrested Developement
**11.35** Hið blómlega bú
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Swan Princess. Royally Undercover
**14.15** Hail, Caesar!
**16.00** Ég og 70 mínútur
**16.30** First Dates
**17.20** Fresh Off the Boat
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Impractical Jokers
**19.50** Brad's Status
**21.30** American Fango
**23.15** The 15:17 to Paris
**00.50** American Made Gamanmynd frá 2016. Francesco er ungur ítalskur leikari sem ákveður að leggja allt sitt undir og fara til Los Angeles að freista gæfunnar. Þegar það gengur ekki upp heldur hann til New York þar sem hann slær í gegn sem þjónn á veitingahúsi!
**02.40** The Snowman
**04.35** Murder on the Orient Express

## STÖÐ 3

**19.10** Modern Family
**19.35** Mom
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Fresh Off the Boat
**21.15** The Simpsons
**21.40** Bob's Burgers
**22.05** American Dad
**22.30** Game of Thrones
**23.25** Eastbound & Down
**23.55** Modern Family
**00.20** Mom
**00.40** Friends
**01.05** Seinfeld
**01.30** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30** Manchester United - Burnley
**09.10** Newcastle - Manchester City
**10.50** Fulham - Brighton
**12.30** Wolves - West Ham
**14.10** HK - Valur
**15.40** Seinni bylgjan
**16.40** Þór Þ. - Stjarnan
**18.20** Haukar - Njarðvík
**20.10** Skallagrímur - Breiðablik
**22.10** Domino's körfuboltakvöld
**23.50** UFC Now
**00.40** Huesca - Real Valladolid

## GOLFSTÖÐIN

**09.25** Waste Management Phoenix Open
**13.25** Inside the PGA Tour
**13.50** PGA Highlights
**14.45** Golfing World
**15.35** Inside the PGA Tour
**16.00** Waste Management Phoenix Open
**20.00** Waste Management Phoenix Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40** Absolutely Anything
**13.05** Madame Bovary
**15.05** The Greatest Showman
**16.50** Absolutely Anything
**18.20** Madame Bovary
**20.15** The Greatest Showman
**22.00** Underworld. Blood Wars
**23.35** Baby Driver
**01.30** A Hologram for the King
**03.10** Underworld. Blood Wars

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Huddersfield - Everton
**08.55** Arsenal - Cardiff
**10.35** Bournemouth - Chelsea
**12.15** New Orleans Saints - LA Rams
**15.25** Kansas City Chiefs - New England Patriots
**18.40** La Liga Report
**19.10** PL Match Pack
**19.40** Preston North End - Derby
**21.45** Premier League Preview
**22.15** Þór Þ. - Stjarnan
**23.55** Haukar - Njarðvík

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Heilsuhúsið
1979
HAMINGJUDAGAR!
Hafðu það gott allan sólarhringinn
Kal Crystal Magnesíum
2.627 kr.
~~3.502 kr.~~
Terra Nova D3 vítamín
1.417 kr.
~~1.889 kr.~~
Solaray Mega B-Stress
2.623 kr.
~~3.497 kr.~~
GÓÐA NÓTT
BYRJAÐU DAGINN RÉTT
MORGUNMATUR
KVEFBANI
PRÓTEINBOMBA
BETRI MELTING
UMHVERFISVÆN
KVÖLDMATUR
25%
afsláttur af völdum vörulínum til 10. febrúar
Sólgæti rauðar lífrænar linsur
351 kr.
~~468 kr.~~
Sólgæti lífrænt haframjöl 1 kg
442 kr.
~~589 kr.~~
Ecover þvottaefni fyrir litaðan þvott – áfyllingar fáanlegar
1.199 kr.
~~1.598 kr.~~
A. Vogel hóstasprey
2.271 kr.
~~3.028 kr.~~
A. Vogel sólhattur
1.141 kr.
~~1.521 kr.~~
Optibac – for every day
2.372 kr.
~~3.162 kr.~~
Terra Nova Digestive Enzyme
1.792 kr.
~~2.389 kr.~~
Pulsin Whey vanilluprótein
2.624 kr.
~~3.498 kr.~~
www.heilsuhusid.is
KRINGLAN • LAUGAVEGUR • LÁGMÚLI • SMÁRATORG • AKUREYRI • SELFOSS



Fjólublá úlpa sem fer vel við köflótt mynstur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Græn yfirhöfn er stundum skemmtilegri en svört.



Þessi blómaskreytta kápa er lífleg og flott.



Grænt og bleikt, hví ekki?

# Litríkar yfirhafnir í Köben

Þegar kalt veðrið krefst yfirhafnar er eins gott að hafa hana litríka. Á tískuvikunni í Kaupmannahöfn eru gestirnir vel skreyttir öllum regnbogans litum, því engin ástæða er til að gleyma litunum yfir vetrartímann.

Tískuvikan í Kaupmannahöfn stendur nú yfir þar sem dönsk tískuhús eins og Ganni, Stine Goya, Malene Birger og Saks Potts sýna fatalínurnar fyrir næsta vetur. Það er jafn gaman að fylgjast með tískusýningunum sjálfum eins og því hvernig fólkið sem sækir sýningarnar er klætt. Síðustu daga hafa litríkar yfirhafnir verið áberandi, enda alltaf gott að lífga upp á kalda vetrardaga. Glamour valdi sínar uppáhalds litríku myndir frá tískuvikunni. eddag@frettabladid.is



Falleg kápa úr appelsínugulum lit.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter



Bleik kápa fer vel við hvítt.



Blátt og hvítt er klassískt.



Eldrauð kápa nýtur sín vel.








# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 $m^2$ atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR

# Töff töfrabrögð í fjörutíu ár

**Töframaðurinn Ingólfur Geirdal hefur sýnt töfrabrögð í 40 ár. Hann hefur sett saman sérstaka sýningu þar sem allt það besta fær að njóta sín. Töfrabrögðunum verður varpað á risaskjá svo allir geta séð töfrana gerast.**



„Þegar maður er búinn að æfa atriðin í tugi ára þá er maður orðinn það sjóaður að það skiptir engu máli hve nálægt fólk er. Ég kem stundum fram hjá fyrirtækjum og félagasamtökum og þá hef ég verið að koma fram í návígi. Það skiptir engu máli. Þessi atriði virka á skjáum og sviði,“ segir Ingó.

Ég get ekki alveg séð fyrir mér viðbrögðin í dag við 12 ára barni inni á vínveitingastöðum að skemmta liðinu. Fyrir utan að vera ungur var ég svo lítill og seinþroska að ég leit út eins og ég væri 7 ára,“ segir Ingó Geirdal, töframaður með meiru, en hann var farinn að skemmta í Hollywood, Skiphól og Þórskaffi aðeins lítill gutti.

Í ár eru 40 ár síðan hann kom fyrst opinberlega fram. Skömmu síðar var hann kominn í Stundina okkar og þaðan lá leiðin inn á skemmtistaði bæjarins. „Ég var fastbókaður í Hollywood í hverri viku. Var að koma fram upp úr miðnætti. Þetta vakti lukku og var mikill skóli fyrir mann,“ segir hann.

Ingó ætlar að halda afmælissýningu í Salnum í Kópavogi sunnudaginn 10. febrúar. Hann hefur sett saman það besta sem hann kann og verður sýningunni varpað upp á skjá svo allir geta séð sem best. „Salurinn er mjög skemmtilegur til að halda töfrasýningu. Þarna verða öll mín bestu atriði, bæði þau sem ég hef verið að sýna í gegnum tíðina og þau nýlegustu. Þarna verða rakvélarblöðin flugbeittu, hugsanalestur og sjónhverfingar og allt þar á milli. Einnig ætla ég að taka þessi sem eru spari og maður hefur ekki gert í mörg ár.

Það sem er skemmtilegt við Salinn er að það eru ekki nein slæm sæti. Til að auka upplifunina verð ég með skjá fyrir ofan sviðið og er búinn að ráða vin minn frá Saga-film sem ætlar að taka þetta upp og sýna í nærmynd. Fólk kemur til með að sjá allt mjög vel,“ segir hann og leggur áherslu á orðið mjög.

Margir þekkja Ingó einnig fyrir að fara fimum fingrum um gítarinn en nýverið urðu mannabreytingar í hljómsveitinni Dimmu sem hefur rokkað og rólað í mörg herrans ár. „Hljómsveitin er 15 ára í ár, Stefán Jakobsson söngvari er búinn að vera í átta ár og Egill er núna nýkominn inn. Við erum að fara að spila aftur í lok mars og byrjum að spila í Skyrgerðinni í Hveragerði og svo verður meira og minna komið fram á tónleikum víða um land.

Planið er svo að semja eitthvað nýtt og koma frá sér á árinu.“

benediktboas@frettabladid.is

## GÍTARINN FÆR FRÍ

Í 40 ár hefur Ingó sýnt ótrúleg töfrabrögð sín á fjölmörgum skemmtunum, skemmtiferðaskipum og í sjónvarpsþáttum í Skandinavíu, Asíu og Ameríku. Auk þess hefur Ingó verið fenginn til að skemmta í einkaboðum fyrir Depeche Mode, Alice Cooper og á Norðurlandamóti töframanna. Margir þekkja Ingó þó einnig fyrir að fara fimum fingrum um gítarinn meðal annars með Bubba Morthens, Quarashi og Dimmu. Hann segir að gítarinn verði hvíldur að þessu sinni.



Sýningin í fyrra heppnaðist vel með skjáinn á bak við. Hann ætlar að taka þessa sýningu upp og kannski gefa út. Tíminn mun leiða það í ljós. Sýningin verður með öllu klassíska efninu; rakvélarblöðum, hugsanalestri og sjónhverfingum og öllu þar á milli.


# LÍFRÆN VOTTUN

**Fréttablaðið vinnur í samstarfi við Vottunarstofuna Tún að sérblaði í tilefni 25 ára afmælis þeirra. Blaðið mun innihalda allskyns fróðleik um lífrænar afurðir, ásamt viðtölum og umfjöllunum. Blaðið kemur út 21. febrúar nk.**

**Vertu viss um að tryggja þér gott auglýsingapláss í langmest selda blaði landsins.**



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Þú færð ÖLLU FLOTTU merkin hjá okkur
BLACK+DECKER
DEWALT
HITACHI HiKOKI
metabo
STANLEY
VERKFÆRA
DAGAR
20-30% afsláttur af öllum flottu merkjunum
BLACK+DECKER
-30%
Af öllum Black+Decker rafmagnsverkfærum
metabo
-20%
Af öllum Metabo rafmagnsverkfærum
DEWALT
-20%
Af öllum DEWALT rafmagnsverkfærum
HITACHI HiKOKI
-20%
Af öllum HIKOKI rafmagnsverkfærum
JUMBO
-25%
af öllum verkfæratöskum
-25%
af öllum handverkfærum
-20%
allar áltröppur og stigar
Verkfærin fást líka í vefverslun
husa.is
Byggjum á betra verði
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Þórarins Þórarinssonar




## Kalt

Andstyggilegar frosthörkurnar sem herja þessi dægrin á okkur viðkvæmu stofublómin fyrir sunnan. Skammdegisþunglynd kuldaskræfa eins og ég treystir sér varla undan tvöföldu sængurlaginu á morgnana á meðan ég heyri beinlínis frostið mála sínar dauðarósir á gluggarúðurnar.

Þetta er niðurdrepandi og leiðinlegt en verst af öllu er þó hversu fast kuldaboli bítur mann í hégómann. Hún nístir þversögnin að það er aldrei erfiðara að halda „kúlinu“ en einmitt í kulda.

Íslendingar vita það af biturri reynslu að eina vörnin gegn kuldanum er að klæða hann af sér en það er ekki svalt að vera dúðaður. Þvert á móti er það bara óbærilega hallærislegt.

Hárið á manni kemur til dæmis alltaf úfið og tætt undan húfunni, jafnvel þótt maður hafi steingert það með þverhandarþykku lagi af öflugu hárgeli. Þetta eru þó smámunir miðað við þá niðurlægingu að þurfa að smeygja sér í síðar nærbuxur.

Þær hafa þó ótvírætt sér til ágætis að þær halda manni heitum og eru ekki sýnilegar á almannafæri. En þar sem karlmaður sem gengur í síðum er vitaskuld aumingi þá rýrnar sjálfstraustið við það eitt að finna fyrir ullinni undir gallabuxunum. Manni finnst einhvern veginn eins og allir viti af þessu og séu að glápa á mann eins og maður væri með unglingabólu á nefinu.

Allra verst er að nærbrækur sem ná niður á ökkla eru gersneyddar öllum kynþokka og ástalífið er því jafn botnfrosið og sálartetrið þannig að fari þessum andskota ekki að linna neyðist ég til þess að rifja upp gamla takta frá sokkabandsárunum þegar ég var orðinn býsna flinkur að kippa föðurlandinu niður með gallabuxunum svo lítið bæri á.


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA



TORTILLA OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR
*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.
Kvikk ON THE GO

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



Betra BAK

ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

PALERMO SVEFNSÓFI
Svefnsófi í svörtu leðri með vandaðri heilsudýnu. Dýnustærð: 140 x 200 cm.



20% AFSLÁTTUR



Í leðri: 255.920 kr
Fullt verð: 319.900 kr.

Serta POKAGORMAKERFI



SERTA REEDSWORTH
Frábær dýna frá Serta er unnin í samvinnu við American Sleep Foundation. **Nú með 35% afslætti.**
Stærðir: 80x200 / 90x200 / 90x210 / 100x200 / 180 x 210 / 192 x 203 cm.
35% AFSLÁTTUR

SERTA PEDIC DURRANT HEILSUDÝNA



30% AFSLÁTTUR
Þétt Sertadýna fyrir þá sem vilja góðan stuðning.
Stærðir: 90x200 / 90x210 / 100x200 / 160x200cm 180x200 / 180x210.
Verðdæmi: 90 x 200 cm dýna
Útsöluverð: 41.300 kr
Fullt verð: 59.900 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK